

Ingunn Dögg Sindrad:
**Býður litla syn-
inum í hjólatúr**

• börn • nám

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



Nýjasta mynd Woody Allen:

**Melinda and
Melinda**


• forsýnd á iiff 2005
SÍÐA 21 ▶



Sigurjón Kjartansson:

**Er aftur
kominn í ham**

• skrifar þriðju þáttaröðina af svínasúpunni
SÍÐA 26 ▶



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. apríl 2005 – 91. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000



MIÐVIKUDAGUR




RÍKISFANGS- OG LANDLAUS

Þritugur pólitískur flóttamaður er algjörlega vegalaus og hefur dvalið í húsnæði Geð-hjálpar undanfarna mánuði. Hann er ríkisfangslaus og á hvergi heima. Hann hefur barist í fimm ár fyrir því að fá dvalarleyfi hér, en hefur verið synjað. **Sjá síðu 2**

BLAIR SPÁÐ SIGRI Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, boðaði í gær til þingskosninga ári áður en kjörtímabil hans rennur út. Kannanir gefa til kynna að minnu munar á Verkamannaflokknum og Íhaldsflokknum en verið hefur í rúman áratug. **Sjá síðu 2**

VILDI FRESTA RÁÐNINGU Formaður Útvarpsráðs vill svör við fréttastefnu nýs fréttastjóra Útvarps. Formaðurinn segir að hann hefði viljað að ráðningu Óðins Jónssonar hefði verið frestað. Snarpar umræður urðu um fréttastjóramálið á fundi útvarpsráðs í gær. **Sjá síðu 10**

VEÐRIÐ Í DAG



HVASST OG KALT Í DAG Eljagangur norðan og austan en bjart með köflum syðra og sínu bjartast í borginni. Frost 3-10 stig, mildast syðst. **Sjá síðu 4**

DAGURINN Í DAG



ALZHEIMER Fjallað verður um málefni alzheimersjúklinga og annarra minnisjúkra á fundi í Norræna húsinu klukkan 17 í dag. Fjallað verður um orsakir heilabíunar, meðferð og þjónustu auk fleiri þátta.

Kvikmyndir	22	Myndlist	22
Tónlist	22	Íþróttir	18
Leikhús	22	Sjónvarp	24

73%

20-50 ára kvenna á sv-horninu lesa Fréttablaðið á laugardögum.*

Konur eru innkaupastjórar heimilanna og gera gjarnan stærstu innkaupin um helgar.

*Gallup febrúar 2005

FRÉTTABLAÐIÐ

Vilja kanna einkaframkvæmd Sundabrautar

Borgarstjóri og samgönguráðherra vilja báðir skoða möguleika á að setja Sundabraut í einkaframkvæmd. Borgarstjóri þvertokur fyrir vegagjöld en samgönguráðherra hefur ekki tekið afstöðu til þess.

SAMGÖNGUR „Sundabrautin er eins og aðrar stórframkvæmdir í vegagerð að það þarf sérstaka fjármögnun til verksins,“ segir Sturla Böðvarsson samgönguráðherra en engar framkvæmdir eru ráðgerðar vegna hennar næstu fjögur árin samkvæmt nýrri samgönguáætlun.

Sturla segir Sundabraut enn vera eitt mikilvægasta samgönguverkefnið sem framundan er en óljóst sé með hvaða hætti slík framkvæmd verði fjármögnuð. „Þar eru tveir kostir sem til greina koma. Annars vegar einkaframkvæmd eða að ríkið taki sérstaklega frá fjármuni til þessa verkefnis.“

Steinunn Valdís Óskarsdóttir

borgarstjóri vill skoða möguleika einkaframkvæmdar. Hún leggst hins vegar alfarið gegn gjalddöku á vegfarendur. „Vegagjöld koma ekki til greina af hálfu borgarinnar. Ríkið greiðir Sundabraut. Samgönguráðherra hefur sagt að hann telji að það þurfi að fjármagna hana á sérstakan hátt með einkaframkvæmd. Ég lít ekki svo á að þó menn fari í einkaframkvæmd þýði það endilega gjalddöku. Ég er algjörlega mótfallin því að það verði tekið gjald á fyrsta áfangna Sundabrautar því það er ekki tenging á milli landshluta heldur á milli hverfa í borginni.“

Í nýlegri skýrslu til samgönguráðherra er velt upp möguleikum á gjalddöku í vegakerfinu. Að-



BORGARSTJÓRI
Gjalddata kemur ekki til greina á Sundabraut.



SAMGÖNGURÁÐHERRA
Hefur ekki tekið afstöðu til gjalddöku.

spurður hvort hugmyndir séu uppi um gjalddöku af vegfarendum um Sundabraut segist Sturla ekki hafa tekið afstöðu til þess.

„Það liggur fyrir nefndarálit þar sem tillögur eru gerðar um gjalddökur vegna fjármögnunar

umferðarmannvirkja og bent á þann kost að láta vegfarendur greiða sérstaklega á þeim stöðum sem umferð er mikil. Gagnvart Sundabraut er ljóst að þeir fjármunir sem fengjast með slíku gjaldi yrðu vel þegnir en gæta þarf hófs í þessum málum og ég hef heldur ekki tekið afstöðu til þess hvort slíkt sé almennt fýsilegur kostur.“

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, leiðtogi sjálfstæðismanna í borgarstjórn, segist reiðubúinn að ræða upptöku veggjalda í umferðinni ef það er á viðum grundvelli og taki til dýrra mannvirkja úti um allt land. „En það kemur ekki til greina ef menn einblína bara á Sundabrautina.“

- aðe/ - þþg



HUNDSLAPPADRÍFA Eftir óvenju hlýjan marsmánuð hófst apríl með kulda og snjó. Óveður var víða um land í gær og urðu björgunarsveitarmenn að aðstoða ökumenn á Hellisheiði og undir Hafnarfjalli. Í Reykjavík var hægur vindur en hins vegar snjóaði hundslappadrífu fyrri hluta dags og hafa vafalaust eitt snjökorn eða tvö smeygt sér ofan í hálsmálið hjá þessu unga fólki.

Óveður víða um land: Fjöldi fólks veðurtepptur

VEÐUR Töluvert af fólki var veðurteppt í Borgarnesi í gær að sögn Hildar Halkeldsdóttur vaktstjóra í Hyrnuni. Fullt var út að dyrum yfir daginn en fækkaði með kvöldinu þegar fólk leitaði sér gistingar í bænum. Hún segir lítið um að fólk hafi orðið veðurteppt í Borgarnesi síðasta áratuginn.

Hvasst var á Vesturlandi eins og víðar á landinu og réði lögregla fólki frá að keyra fyrir Hafnarfjall. Björgunarsveitir aðstoðuðu fólk sem hafði lent í vandræðum.

Óveður geysaði einnig á Hellisheiði í gær og var ferðaveður slæmt. Hjálparveitir úr Grímsnesi og Hveragerði voru kallaðar út til að aðstoða ökumenn á heiðinni.

- sgi



5 dagar ...
... í Fjölskyldu-
og dýrahátíðina



Íslandsbanki spáir KB banka góðu gengi í ár:

Græðir milljarð á viku

VIBSKIPTI Hagnaður KB banka á fyrstu þremur mánuðum ársins er 11,3 milljarðar króna ef spá Greiningardeildar Íslandsbanka reynist rétt. Þetta þýðir að KB banki hefur hagnast um næstum milljarð á viku það sem af er árs.

KB banki hagnaðist um 15,8 milljarða á síðasta ári sem var meiri hagnaður en áður hefur þekkt hjá íslensku fyrirtæki. Útlit er fyrir að þetta met verði rækilega slegið í ár og spáir

Íslandsbanki að hagnaður KB banka verði 24,5 milljarðar í ár.

Helstu ástæður fyrir því að KB banki hagnast svona mikið eru að þrjá helstu tekjustoðir bankans hafa gengið vel. Fyrirtækjaráðgjöf bankans lauk mörgum stórum verkefnum á fyrstu þremur mánuðum ársins.

Gengismunur af breytanlegu skuldabréfi í Bakkavör skilaði óvenju háum tekjum vegna þess að Bakkavör hækkaði um

31 prósent á fyrsta ársfjórðungi.

Þá var söluhagnaður af sölu bankans á Lýsingu þrjú milljarðar króna.

KB banki á í viðræðum við Singer & Friedlander um yfirtöku en KB banki getur yfirtekið bankann án þess að gefa út meira hlutfé.

Greining Íslandsbanka gerir ráð fyrir að KB banki, Landsbankinn, Straumur og Burðarás skili samtals 25 milljarða króna hagnaði á fyrstu þremur mánuðum ársins.

- dh



SPURNING DAGSINS

Rósmarý Dröfn, breytist kjörbúð í fjörbúð?

Það verður alveg örugglega gaman, við erum svo skemmtilegar.

Rósmarý Dröfn Sólmundardóttir er annar eigna Brekkunnar á Stóðvarfirði sem er matvöruverslun virka daga en krá um helgar.

Fjöldaárekstur: Lá við stórslysi

LÖGREGLUMÁL Litlu munaði að illa færi þegar þungaflutningabíll lenti aftan á kyrrstæðum lög-reglubíl í Kömbunum á Hellisheiði í gærmorgun. Lögreglan var við skýrslutöku af ökumönnum þriggja bíla sem áður höfðu lent í árekstri.

Fjórir voru í lögreglubílum sem skemmdist talsvert við áreksturinn og varð að flytja alla til læknis til frekari skoðunar. Reyndist fólkio ekki alvarlega slasað.

Lögreglumaður á vettvangi átta fótum sínum fjör launa.

- aðe



MYND: MAGNÚS HEYNDUR

ILLA SKEMMDUR

Lögreglubíllinn er talinn ónýtur eftir árekstur flutningabílsins á Hellisheiðinni. Mildri þykir að ekki fór verr.

Héraðsdómur Reykjavíkur: Dæmdur fyrir árásir

DÓMSMÁL Maður var dæmdur til sex mánaða fangelsisvistar í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær fyrir alvarlegar líkamsárásir á tvo menn á veitingastað í miðbænum sumarið 2003.

Hlutu mennirnir báðir slæma áverka enda notaði maðurinn brotna flösku við árásirnar. Var til þess lítið við kvaðningu dómsins að ákærði hafði ekki áður komist í kast við lögin og ákvað dómurinn því að skilorðsbinda fimm mánuði af þessum sex til næstu þriggja ára brjóti hann ekki af sér á þeim tíma.

- aðe



AUSTURRÍSKIR FORYSTUMENN Wolfgang Schüssel kanslari ræðir við Heinz Fischer, forseta Austurríkis og Hubert Gorbach varakanslara.

Ríkisstjórn Austurríkis: Stóðst atlögu

AUSTURRÍKI Austurríska ríkisstjórnin stóð af sér vantrauststillögu sem græningjar lögðu fram á austurríska þinginu í gær.

Wolfgang Schüssel kanslari segir ríkisstjórnina sitja áfram þrátt fyrir klofning innan Frelsisflokksins. Jörg Haider, fyrrverandi formaður Frelsisflokksins, klauf sig úr honum til að stofna nýjan og miðsæknari flokk og segir að allir ráðherrar Frelsisflokksins fylgi sér.

Schüssel kanslari segir að ráðherrar Frelsisflokksins hafi samþykkt að gegna embættum sínum þar til kjörtímabilinu.

Veidieftirlit Fiskistofu: Flutt í áföngum út á land

VEIDIEFTIRLIT Ný útibú Fiskistofu verða stofnuð á fjórum stöðum á landsbyggðinni á næstu árum. Starfsmönnum veidieftirlits á höfuðborgarsvæðinu verður fækkað en fjölgað að sama skapi úti á landi.

Nýju eftirlitsstöðvarnar verða í Vestmannaeyjum, á Höfn, í Stykkishólmi og í Grindavík. Útibúnir í Vestmannaeyjum og á Höfn verða opnuð á næsta ári en 2007 í Stykkishólmi og ári síðar í Grindavík.

Árið 2009 verða starfsmenn veidieftirlitsins 39 en eru nú 35.

Útlægur og landlaus í fimm ár

Þrítugur pólitískur flóttamaður er algjörlega vegalaus og hefur dvalið í húsnæði Geðhjálpar undanfarna mánuði. Hann er ríkisfanglaus og á hvergi heima. Hann hefur barist í fimm ár fyrir því að fá dvalarleyfi hér, en hefur verið synjað.

FÉLAGSMÁL Þrítugur útlendingur hefur undanfarna mánuði dvalið vegalaus í húsnæði Geðhjálpar í Reykjavík. Hann kom hingað til lands fyrir tæplega fimm árum sem pólitískur flóttamaður. Hann hefur einungis fengið tímabundið dvalarleyfi hér á landi, þar sem hann hefur ekki getað sannað hvaðan hann sé. Hann hefur ekkert ríkisfang. Hann segist vera „útlægur og landlaus.“

„Ég kom til Íslands til að biðja um hjálp,“ sagði Aslan Gilaev, þegar Fréttablaðið hitti hann í húsnæði Geðhjálpar í gær. Þar býr hann í einu herbergi uppi á efstu hæð og bíður þess sem verða vill. „Það sem ég fékk hér var erfðasti tími lífs míns, miklu verri heldur en þar sem ég var áður. Ég er fangi á Íslandi,“ bætti hann við. „Hér hafa verið brotnar á mér allar reglur, bæði íslenskar og alþjóðlegar, sem verða mannréttindi.“

Aslan kvaðst upphaflega hafa flúið frá Tsjetsjeníu árið 1995 til að bjarga lífi sínu. Hann kvaðst hafa dvalið víða í Evrópulöndum en aðstoðað þaðan vini og vanda-menn við að komast burt frá Tsjetsjeníu. Hingað til lands kvaðst hann hafa komið í júní 2000. Í september sama ár kvæntist hann íslenski konu. Hann sótti um dvalarleyfi í nóvember 2000, en var synjað, þar sem hann þótti ekki getað fært sönnur á að hann hefði komið frá Tsjetsjeníu. Hann fór í hungurverkfall til að þrýsta á íslensk stjórnvöld, en það



ASLAN GILAEV

Pólitískur flóttamaður sem hefur dvalið hér án ríkisfangs í tæplega fimm ár. Hann kveðst hvorki geta verið né farið,

reyndist árangurslaust. Hann fékk bráðabirgðadvalarleyfi, sem hann hefur endurnýjað þrisvar sinnum á þeim tæpu fimm árum sem hann hefur dvalið hér.

Þrisvar hefur hann farið til annarra Norðurlanda til að leita þar hælís og komast þar með frá Íslandi, tvisvar til Svíþjóðar og einu sinni til Noregs. Þegar upp komst að hann hefði enga pappíra aðra heldur en bráðabirgðadvalarleyfi frá Íslandi var hann sendur til baka, þar sem Íslendingum bar að taka við honum samkvæmt alþjóðasamningum.

Hann er nú skilinn við konu

sína að borði og sæng, og bíður lögskilnaðar.

Sveinn Magnússon framkvæmdastjóri Geðhjálpar fór með Aslan í gær til að sækja nafnskrírteini á Hagstofu Íslands. Þar er tilgreint nafn hans, kennitala, en ekkert ríkisfang. Sveinn sagðist jafnframt myndu óska eftir því við Útlendingastofnun að Aslan fengi ferðaskilríki. Sjálfur sagði Aslan að þessi langa barátta væri farið að setja mark sitt á hann.

„Ég get ekki sofíð á nóttunni,“ sagði hann. „Þetta er farið að hafa alvarleg áhrif á líðan mína, líkamlega og andlega.“ jss@frettabladid.is

Bensínverð: Atlantsolía hæst

BENSÍNVERÐ „Sú verðstefna sem samkeppniáðilar okkar stunda núna hefur þann eina tilgang að kæfa niður Atlantsolíu,“ segir Hugi Hreiðarsson markaðsstjóri Atlantsolíu. Hann heldur því fram að hin olíufélagin greiði með hverjum bensínlíttra.

Atlantsolía var með hæsta verð á bensíni í gær en bensínlíttrinn kostaði 101,20 krónur hjá þeim á meðan algengt sjálfsafgreiðsluverð hjá Skeljungi, Olíufélaginu Esso og Olíuverslun Íslands var 98,60 krónur.

Hugi vísar til þess að innkaupsverð á eldsneyti í Evrópu hafi hækkað að undanfögnu.

- sgi

Algengasta bensínverð í sjálfsafgreiðslu á höfuðborgarsvæðinu

	Bensín	Dísil
Atlantsolía	101,2	47,7
Esso	98,6	46,1
Olís	98,6	46,1
Shell	98,6	46,1
Ego	97,2	44,1
Orkan	97,1	44,6
ÓB	97,2	44,1

Leitað að konu: Týnd í fjóra daga

LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Hafnarfirði lýsir eftir Áslaugu Eddu Bergsdóttur sem hvarf af heimili sínu í Hvammahverfi í Hafnarfirði um kvöldmatarleitið á laugardag.

Áslaug er fædd árið 1950, 170 sentimetrar á hæð, þéttvaxin með stutt skollitað háir. Hún notar gleraugu en ekki er vitað um klæðabúð.

Allir sem vita um ferðir Áslaugar eru beðnir að hafa samband við lögregluna í Hafnarfirði í síma 5253300.

- sgi

Bretar kjósa í byrjun maí:

Verkamannaflokknum spáð sigri

BRETLAND, AP Tony Blair, forsætisráðherra Breta, boðaði í gær til þingkosninga í landinu 5. maí næstkomandi. Búist er við að hann vinni kosningarnar þrátt fyrir almenna andstöðu heima fyrir við stríðsreksturinn í Írak, viðvarandi óánægju með þjónustu opinberra stofnana og fylgishrap í skoðanakönnunum.

„Ákvörðunin er stór og mikið lagt undir,“ sagði Blair eftir að Elisabet II Englandsdrottning varð við beiðni hans um kosningar. „Breskur almenningur er við stjórnvölinn og valið er fólksins.“ Blair sækist eftir sínu þriðja og að eigin sögn síðasta kjörtímabili, eftir að hafa verið átta ár við völd og með yfirlingastjórnun milli hundrað og þrengd brekka þingsins.

Sáralítt munur var á fylgi Verkamannaflokks og Íhaldsflokks, en í gær nam nam forskot Verka-



BLAIR Á BLAÐAMANNAFUNDI

Tony Blair, forsætisráðherra Breta, greindi frá því á blaðamannafundi í Downing-stræti í London, að hann hefði boðað til þingkosninga eftir mánuð.

mannaflokksins ekki nema tveimur til fimm stígum í könnunum. Kosningakerfi landsins er hins vegar Verkamannaflokknum í hag vegna þess hvernig fylgi flokksins dreifist

milli kjördæma. Því er talið að Michael Howard, leiðtogi Íhaldsflokksins, þurfi að tryggja flokki sínum allt að átta prósentu forskoti til að eiga möguleika á sigri.

Gengi gjaldmiðla 5. apríl (svona upp úr hálftri)

USD	60.82
JPY	0.56
EUR	77.92

NISSAN PATROL LUXURY 3.0

Eldra listaverð: 4.580.000 **Nýtt listaverð: 4.360.000**

+200.000 KR. KAUPAUKI: Dráttarbeisli, þakbogi og 33" dekk eru á öllum Nissan Patrol jeppum sem keyptir eru í apríl 2005.

Ingvar Helgason Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

1-9

Ég var látin laus 3. mars.

„Ég veit ekki hvort þetta er tilviljun eða ekki en 3. mars, á afmælisdegi Alexanders Graham Bell manninum sem fann upp símann, losnaði ég loksins undan símafyrirtækinu sem er búið að rukka mig um fáránlegar upphæðir fyrir takmarkað niðurhal og allt of lítinn hraða undanfarna 12 mánuði.

Hive tók á móti mér með Hive Lite og héldum við upp á 158 ára afmæli Grahams Bell.“

Áslaug Þórsdóttir
Kögurseli 4, 109 Reykjavík

GOTT FOLK McCANN

3.990*

HiveLite

Práðlaust internet
2GB niðurhal
4Mb tenging

*Hive Lite er ný og hagkvæm áskriftarleið sem færir þér práðlaust internet, 2GB niðurhal, 4Mb tengingu og fullkominn tækjabúnað ásamt allri uppsetningu án aukagjalds á aðeins 3.990 kr. á mánuði.

Hive.is Grensásvegur 16, 105 Reykjavík og Hlíðasmári 12, 201 Kópavogur.
Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is

Hive

GENGIÐ			
GENGI GJALDMÍÐLA 05.04.2005			
		KAUP	SALA
	Bandaríkjadalur USD	60,96	61,26
	Sterlingspund GBP	114,23	114,79
	Evra EUR	78,05	78,49
	Dönsk króna DKK	10,48	10,54
	Norsk króna NOK	9,56	9,61
	Sænsk króna SEK	8,51	8,56
	Japanskt jen JPY	0,56	0,56
SDR XDR		91,40	91,94

Gengisvísitala krónunnar
107,88 -0,10%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Oddviti Sjálfstæðisflokks um kynningu ársreiknings Hafnarfjarðar:
Slæleg vinnubrögð meirihlutans

HAFNARFJÓRÐUR Rekstur Hafnarfjarðar fyrir fjármagnsliði var jákvæður um 727 milljónir króna og var það 521 milljónum króna betri árangur en áætlanir gerðu ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða ársins er jákvæð um 1.239 milljónir og er það líka betri árangur.

Mikil uppbygging átti sér stað í fyrri og námu fjárfestingarnar 1.415 milljónum króna. Veltufé frá rekstri nam 624 milljónum króna. Fjármagnsliðir reyndust jákvæðir um 512 milljónir.

Heildarskuldir bæjarins hefðu lækkað á árinu ef ekki hefði komið til 700 milljón króna skuldfærsla á byggingarreitum sem

enn eru í uppbyggingu. Þá hækkaði eigið fé um 34 prósent á milli ára og nam 4.893 milljónum króna.

Magnús Gunnarsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins, gagnrýnir að ársreikningur bæjarins hafi verið kynntur blaðamönnum áður en kynningarfundur var haldinn með bæjarfulltrúum í gær. „Þetta eru slæleg og óeðlileg vinnubrögð,“ segir hann.

Lúdvík Geirsson bæjarstjóri segir að ársreikningurinn hafi birst á vef Kauphallarinnar í gærmorgun og því hafi verið um opinber gögn að ræða.

- ghs



GAGNRÝNI Í HAFNARFIRÐI
Meirihlutinn í Hafnarfirði er gagnrýndur fyrir slæga vinnubrögð þegar hann kynnti ársreikning bæjarins 2004 fyrir blaðamönnum áður en hann var kynntur fyrir bæjarfulltrúum.

Lyfjafræðingar:
Skora á stjórnvöld

HEILBRIGÐISMÁL Lyfjafræðingar hjá Lyfjaþjónustu Landspítala – háskólasjúkrahúsi skora á stjórnvöld að koma stjórnendamállum lyfjaþjónustunnar í rétt horf, í yfirlýsingu sem þeir sendu frá sér í gær.

Þar segir að lyfjafræðingar á LSH hafi frá árinu 2002 mátt búa við það að heyrast undir sviðsstjóra sem uppfyllir ekki kröfur um akademískt hæfi, það er sé ekki lyfjafræðingur heldur viðskiptafræðingur og uppfylli þar með ekki lagaskilyrði um starfsmenntun. Þá hafi stjórnendur stofnunarinnar smeygt sér framhá landslögum og samningum.

- sgi

Varautanríkisráðherra
Bandaríkjanna:
Aflýsti fundi með Davíð

UTANRÍKISMÁL Robert B. Zoellick, varautanríkisráðherra Bandaríkjanna, aflýsti fundi með Davíð Oddssyni utanríkisráðherra, sem fram átti að fara í gær. Zoellick ætlaði að stoppa þrjár klukkustundir hér á landi á leið sinni frá Evrópu vestur um haf, en hann og Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna,



er í mikilli heimsóknarferð til allra höfuðborga NATO-rikkjanna um þessar mundir.

Ástæðan sem Zoellick gaf er sú, að vegna mikils hliðarvinds treysti flugmaður hans ekki á að hann næði til Washington á þeim tíma sem fyrirhugað var í gærkvöldi. Ekki hefur verið boðað til nýs fundar en vonast er til þess að Zoellick komi á fund Davíðs að tveimur vikum liðnum.

- sda

Skerða framlög til Héðinsfjarðarganga

Fresta verður framkvæmdum í vegamálum upp á fjóra milljarða króna til ársins 2007. Kemur það einna mest niður á Héðinsfjarðargöngum en ýmis minni verkefni biða einnig betri tíma.

SAMGÖNGUR Samkvæmt nýkynntri samgönguáætlun fara 85 milljarðar króna til samgöngumála næstu fjögur árin en þar af fara 60 milljarðar í vegakerfið. Verkefni í grunnneti, en svo kallast allir stofn-, tengi- og landsvegir í vegakerfinu, skiptast þannig að tæpir 10 milljarðar króna fara til verkefna á landsbyggðinni en 6,3 milljarðar til verkefna á höfuðborgarsvæðinu.

Ráðist verður í mun færri verkefni í ár og því næsta en áætlað var í fyrri samgönguáætlunum en það fé mun skila sér aftur árin 2007 og 2008. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra segir að ýmis smærri verkefni frestist vegna þessa um þennan sama tíma en fyrst og fremst skerðist framlög til Héðinsfjarðarganga. Í áætluninni er til þess tekið að fjárveitingar til jarðganga skuli miðast við að lokið verði við Fáskrúðsfjarðargöng og Héðinsfjarðargöng verði boðin út síðla á þessu ári. Ekki er tilgreint nánar hvenær framkvæmdir við þau muni hefjast.

Breikkun og endurnýjun brúa er stór þáttur í vegagerð næstu fjögur árin. Bent er á í áætluninni að endurbyggingu þeirra miði hægt og viðhaldskostnaður vegna þeirra sé að jafnaði meiri en fjárlög gera ráð fyrir. Eðlileg viðhaldsþörf er talin um eitt prósent af heildarverðmæti allra brúa á ári en það eru um 300 milljónir króna árlega. Viðhaldsþörfin hefur þó aukist talsvert



VÍÐA FRESTUN
Fresta verður ýmsum framkvæmdum sem áætlaðar voru nú í ár og því næsta en búast má við mikilli uppsveiflu árin 2007 og 2008 enda bætast þá við þeir fjármunir sem ekki verða notaðir nú.

þar sem flestar brýr á landinu eru komnar til ára sinna enda margar byggðar um miðbik síðustu aldar.

Auka á áherslu á umferðaröryggi með nýju áætluninni og hafa stjórnvöld sett sér skýr markmið fram til ársins 2016.

albert@frettabladid.is

Skal á því tímabili fækka dauðaslysum í umferðinni til jafns við það sem best gerist í heiminum. Reynt skuli einnig að fækka dauðaslysum og alvarlegum slysum að jafnaði um fimm prósent á ári fram til þess árs.



FRAMKVÆMDIR VIÐ REYKJANESBRAUT
Brautin verður tvöfölduð í gegnum Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð á næstu tveimur árum.

Reykjanesbrautin:
Breikkuð í þéttbýli

SAMGÖNGUR Ljúka skal við að breikka Reykjanesbrautina frá Fífuhvammsvegi í Kópavogi að Kaplakrika í Hafnarfirði í ár og næsta ár samkvæmt nýrri samgönguáætlun sem lögð hefur verið fram. Er þar um að ræða verkefni sem margir borgarbúar hafa beðið með óþreyju en vegna deilna um útfærslu hefur ekki verið unnt að hefja framkvæmdir hingað til. Enn fremur kemur fram að árið 2008 verði byggð mislæg gatnamót við Vífilstaða-veg.

- aðe

SAMGÖNGUFRETTIR

ARNARNESVEGUR LENGDR
Ráðgert er að halda áfram gerð Arnarnesvegs á nýrri samgönguáætlun en brýn þörf þykir á því vegna nýrra íbúðahverfa efst í Kópavogi. Ekki skal þó hefja framkvæmdir fyrr en 2008.

SAMTENGING UMFERÐARLJÓSA
Fjöldmargir ökumenn munu fagna þeim hugmyndum að samtengja umferðarljósa á helstu umferðargötum á höfuðborgarsvæðinu en fyrir liggur að farið verður í það enda þannig hægt að auka afköst gatna umtalsvert.

Veðiheimildir 2005:
50 tonn af túnfiski

FISKVEIÐAR Sjávarútvegsráðuneytið hefur auglýst úthlutun aflheimilda fyrir túnfisk á þessu ári, en heildarkvóti Íslendinga á árinu nemur 50 tonnum. Um er að ræða veiðar úr stofni Austur-Atlantshafs af bláuggatúnfiski en útbreiðslusvæði hans nær frá Grænhöfðaeyjum til Noregs.

Útgerðir sem hug hafa á að taka þátt í þessum veiðum verða að sækja um veðiheimildir til sjávarútvegsráðuneytisins fyrir 12. apríl. ■

Guggu ráð:
Nú er rétti tíminn fyrir
Casoron
Heldur trjábeðum og gangstigum lausum við illgresi

ALLT Í GARDINN 60 ÁRA REYNSLA

Stekkjarbakka 6 • Mjódd • Sími: 540 33 00 • Veffang: www.gardheimar.is

Veðrið

Í dag um hádegis

Á morgun

Föstudagur

Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	9°C skýjað	Paris	16°C léttskýjað	Milánó	16°C skýjað
Oslo	7°C léttskýjað	Berlín	14°C skýjað	New York	19°C þrumur
Stokkhólmur	11°C skýjað	Amsterdam	11°C skýjað	San Fransisco	18°C léttskýjað
London	11°C skýrir	Madrid	21°C léttskýjað	Orlando	28°C léttskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

birta
» BETRI SJÓNVARPSDAGSKRÁ Á MÍÐVIKUDÖGUM

Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur



5%
Gengislækkun



Veldu nýjan **Galaxy** fyrir sumarið.

7 stóla Galaxy Bara fyrir þá ríku

► Ríkidómur hvernar fjölskyldu er geymdur í hverju barni enda fjárfestir Ford mikið í þróun á öryggi fjölskyldunnar. Vertu í hópi þeirra bestu og veldu 7 manna Ford Galaxy fyrir fjölskylduna og sumarið. Vel hannað og sveigjanlegt rýmið, þægindin, góðir aksturseginnleikar og nýjasta tækni tákna það að Ford Galaxy er fyrsta flokks. Sama hvert þú ætlar í sumar eða hvaða tegund af Galaxy þú velur - þá finnur þú að Ford Galaxy er tákni um gæði og bara fyrir þá ríku.


Öll þessi vel hugsuðu smáatriði gera 7 manna Galaxy Trend sérstakan. Komdu í Brimborg. Skoðaðu hvað Galaxy Trend kostar í dag. Hér færðu, sem dæmi, innbyggða barnastóla fyrir yngri börnin og fyrir eldri börnin færðu púða, borð á baki framsæta, enga bekki heldur stóla fyrir alla, stóla sem auðvelt er að fjarlægja sé þess þörf, snúningsstóla fram í, innbyggð þokuljós, rafmagnshitaða framrúðu (öll rúðan), fjarstýrða samlæsingu og leslampa fyrir farþega

svo við séum ekki að nefna lýsinguna við glasahaldarann. Settu þig og þína í öruggt sæti og tryggðu þér ríkulega útbúinn bíl. Veldu Galaxy Trend. Kynntu þér sérþöntunarþjónustu Brimborgar, það gæti borgað sig. Komdu í dag.

Nútt verð

Ford Galaxy 7 manna.*	Beinskiptur	Sjálfskiptur
Kaupverð		
Ford Galaxy 7 manna Trend 2,0i	2.607.750 kr.	
Ford Galaxy 7 manna Trend 2,3i	2.983.000 kr.	3.173.000 kr.
Ford Galaxy 7 manna Trend 1,9D	3.073.250 kr.	3.320.250 kr.

✓ Ath. Trend er dæmi um mjög vel búna útfærslu af Ford Galaxy



Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:

- 7 sæta
- ABS hemlakerfi með EBD
- hemlajöfnun
- Upphitanleg framrúða
- Pokuljós í framstuðara
- Fellanlegt borð á baki framsæta
- Fjarstýrð samlæsing
- Fjölstillanlegt bílstjórásæti
- Geislaspilari
- 8 hátalarar
- Snúningsstólar að framan
- Fjórir öryggisþúðar

- Rafstillanlegir útispeglar
- Upphitanlegir útispeglar
- Upphitanleg framsæti
- Sér stóll fyrir alla, hægt að taka úr hvern fyrir sig
- Ræsítengd þjófavörn
- 16" dekk og felgur
- Litað gler
- Þriggja punkta belti fyrir öll sæti
- Loftekling
- Sér miðstöð í farþegarymi

Hægt að fá aukalega:

- Innfelldir barnapúðar í aftursæti
- Bakkskynjari
- Tölvustýrt loftkæling
- Hraðastillir
- Rafdrifin sóllúga
- Leðuráklæði
- Dökkliðaðar rúður í farþegarymi
- Aksturstólva
- Xenon gas aðalljós

- Rafdrifnar rúður að aftan
- 6 diska geislaspilari
- Dráttarbeisil
- Spólvörn
- Öryggisgardínur sem falla niður með hljóðum að innan til varnar í hlíðarækstri

5% Skoðaðu úrvalið í bílaverslun Brimborgar. Gengislækkun.

Ford Fiesta	Ford Fusion	Ford Focus	Ford Focus C-Max	Ford Mondeo	Ford Galaxy 7 manna
■ Fiesta Trend 5 dyra 1,4i 5 gíra. Kaufverð.....1.505.000 kr. Gengislækkun.....-76.000 kr. Nútt verð.....1.429.000 kr.	■ Fusion Trend 5 dyra 1,4i 5 gíra. Kaufverð.....1.655.000 kr. Gengislækkun.....-85.000 kr. Nútt verð.....1.570.000 kr.	■ Focus Trend 5 dyra 1,6i 5 gíra. Kaufverð.....1.996.000 kr. Gengislækkun.....-106.000 kr. Nútt verð.....1.890.000 kr.	■ Focus C-Max Trend 5 dyra 1,6i 5 gíra. Kaufverð.....1.995.000 kr. Gengislækkun.....-100.000 kr. Nútt verð.....1.895.000 kr.	■ Mondeo Ghia 5 dyra 2,0i 5 gíra: Kaufverð.....2.440.000 kr. Gengislækkun.....-122.000 kr. Nútt verð.....2.318.000 kr.	■ Galaxy Trend 7 manna 2,0i 5 gíra. Kaufverð.....2.745.000 kr. Gengislækkun.....-138.000 kr. Nútt verð.....2.607.000 kr.

brimborg
Öruggur staður til að vera í

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukni er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd: álfelgur.



KJÖRKASSINN

Ætlar þú að kaupa hlutafé í Landssímanum?

Niðurstöður gærdagsins á [vísir.is](#)

Já	32,4%
Nei	67,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að endurvekja Kvennalistann hér?

Farðu inn á fréttahluta vísir.is og segðu þína skoðun



DREIÐ Í HAPDRÆTTINU

Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, hélt taupurru fyrir augum á meðan hann dró út nöfn vinningshafanna.

Starfsfólk Samherja:

Boðið á boltaleik

HAPDRÆTTI Átján starfsmenn Samherja fara í apríl til Þýskalands í boði fyrirtækisins til að fylgjast með knattspyrnuliði Bayern München taka á móti Chelsea. Þeir heppnu eru vinningshafar í nýstárlegu starfsmannahappdrætti Samherja, þar sem öllum starfsmönnum með þriggja ára starfsaldur bauðst að taka þátt. Vinningunum var dreift á starfsstöðvar fyrirtækisins og innifalið er flug fram og til baka, gisting og miði á leikinn. - **kk**

Úthafskarfinn:

Minni kvóti

FISKEIÐAR Úthafskarfkvóti Íslendinga verður skorinn niður um tæp 20 þúsund tonn á þessu ári. Niðurskurðurinn er 37 af hundraði miðað við kvóta síðustu ára en hann hefur verið 55 þúsund tonn á ári. Íslenskum skipum er heimilt að veiða um 34.500 lestrir á þessu ári og skiptast heimildirnar þannig að 28.200 lestrir má veiða á deilissvæðinu sem liggur að hluta til innan lögsögunnar en 6.270 lestrir á deilissvæðinu utan lögsögunnar. ■

Segja forsendur kjarasamninga brostnar:

Stefnir í uppnám á vinnumarkaði

ATVINNUMÁL Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur, segir forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði brostnar og verkalýðshreyfingin krefjist nú þegar leiðréttingar. „Verðbólgan er búin að éta upp launahækkanir og vel það og ef við fáum ekki leiðréttingu stefnir í uppnám á vinnumarkaði í haust.“

Aðalsteinn segir að í forsendum kjarasamninga í mars í fyrra hafi verið gengið út frá því að

verðbólga yrði sem næst verðbólguþéttun Seðlabankans eða 2,5% á samningstímanum. Verðbólgan sé hins vegar nú 4,7% og hugsanlegt að hún fari yfir 9% á næsta ári.

„Þar að auki hafa ýmsir hópar launafólks fengið umtalsvert meiri hækkanir að undanförunu en fólk á almennum vinnumarkaði og við það verður ekki unað. Því teljum við þörfleggjandi að kjarasamningum verði sagt upp í haust eða gengið verði frá samkomulagi



AÐALSTEINN Á. BALDURSSON
Við gerum þá sjálfsgöðu kröfu til stjórnvalda að þau hafi heimil á efnahagsástandinu og geri þegar í stað ráðstafanir til að ná niður vaxandi verðbólgu, segir Aðalsteinn.

við Samtök atvinnulífsins um leiðréttingu á kjörum verkafólks,“ segir Aðalsteinn. - **kk**

Veðrið í mars:

Óvenju hlýtt á landinu

VEÐURFAR Meðalhiti í Reykjavík í mars var rúmum þremur gráðum yfir meðallagi og er þetta einn hlýjasti marsmánuður frá upphafi mælinga. Svipaða sögu er að segja á Akureyri.

Meðalhiti í Reykjavík 20. mars var 9,5 °C og hefur ekki mælst hærra á einum sólarhring síðan 1948. Mikil hlýindi mældust víða um land í mars, þannig fór hiti í 17,3 stig á Húsafelli í Borgarfirði á páskadag og hefur ekki mælst hærra þar síðan 1965.

Úrkoma í Reykjavík og á Akureyri í mars var langt undir meðallagi. ■

Hart tekist á um stjórnunaraðferðir

Félag skólameistara hefur ályktað að skólameistari á Ísafirði hafi ekki farið út fyrir verksvið sitt í umkvörtunarmálum framhaldsskólakennara. Félag framhaldsskólakennara vill að menntamálaráðuneytið leysi málið.

SKÓLAMÁL Stjórn kennarafélags Menntaskólans á Ísafirði hefur sagt af sér. Fyrrum formaður félagsins, Agnes Karlsdóttir, segir afsögnina koma í kjölfar yfirheyrslu skólameistara en stjórnin hafði lýst stuðningi við Félag framhaldsskólakennara sem segir of mörg málefni skólans til skoðunar hjá félaginu miðað við stærð hans. Málin tengist að mestu samskiptaerfiðleikum skólustjóra og samstarfsfólks.

Ólína Þorvarðardóttir skólameistari menntaskólans segir stjórnina ekki hafa verið yfirheyrð. Umkvörtunarmálin séu ekki mörg. Þau séu fimm á fjórum árum.

„Málið varðar stjórnunarákvarðanir sem hafa verið teknar vegna fimm starfsmanna. Ákvarðanir sem starfsmennirnir hafa átt erfitt með að kyngja og einn starfsmaður ætlar ekki að sætta sig við. Eftir að það mál kom upp hefur fjölmiðlastríð verið háð gegn skólameistara Menntaskólans á Ísafirði undir trumbuslætti utanaðkomandi aðila eins og Kennarasambandsins,“ segir Ólína.

Aðalheiður Steingrimsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara, segir félagið líta stöðuna í Menntaskólanum á Ísafirði alvarlegum augum. Félag framhaldsskólakennara hafi biðlað til mennta-



ANND/SH

MENNTASKÓLINN Á ÍSAFIRÐI

Kennarafélag Menntaskólans á Ísafirði ætlar að freista þess að kjósa nýja stjórn á föstudaginn en fyrrum formaður telur ólíklegt að einhver bjóði sig fram í hana.

málaráðuneytisins um að gera úttekt á framgöngu skólameistarans gagnvart samstarfsfólki við skólann og að það beiti sér fyrir varanlegum úrbættum.

Málið er rakið stuttlega í yfirlýsingu Félags framhaldsskólakennara. Þar stendur að á síðustu tveimur árum hafi mjög fjölgað fyrir-spurnum og umkvörtunum félagsmanna við menntaskólann vegna framgöngu og embættisfærslu

skólameistarans. Trúnaðarmenn félagsins við skólann hafi án árangurs reynt að færa málin til betri vegar. Flest málanna séu óleyst. Eitt þeirra sé orðið að dómsmáli.

Félag skólameistara hefur ályktað um málið. Þorsteinn Þorsteinsson formaður félagsins segir það ekki geta tekið afstöðu til dómsmálsins: „Af öðrum málum er ekki hægt að sjá að Ólína hafi farið út fyrir verksvið sitt eða brotið gegn

lögum eða reglugerðum.“ Þorsteinn segir skólameistara ætla að ræða málið við menntamálaráðherra og svo við Félag Framhaldsskólakennara. Þeir ætli að reyna að tryggja að samskipti fari í réttan farveg.

Agnes segir kennara í menntaskólanum hittast á föstudaginn. Þeir freisti þess að kjósa nýja stjórn: „Ég á ekki von á því að einhver bjóði sig fram í hana.“ [gag@frettabladid.is](#)

Sveitarstjórn Skagafjarðar:

Meirihlutinn óstarfhæfur

SVEITARSTJÓRNARMÁL Meirihluti sveitarstjórnar Skagafjarðar er óstarfhæfur eftir að Bjarni Maronsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, lýsti því yfir að upp væri kominn trúnaðarbestur milli sín og forseta sveitarstjórnar, Gísla Gunnarssonar Sjálfstæðisflokki.

Bjarni gegnir því oddastöðu í sveitarstjórn þar sem auk hans eru fjórir fulltrúar í meirihluta Sjálfstæðisflokks og Vinstri-grænna, sem eru jafnmargir og í minnihluta.

Bjarni segist ekki treysta sér til þess að styðja Gísla áfram sem forseta sveitarstjórnar. „Aðdragandi málsins er sá að á síðasta sveitarstjórnarfund, síðastliðinn fimmtudag, tók Gísli einn þá ákvörðun að vísa mér af fundi vegna meints vanhæfis og kallaði til varamann minn við afgreiðslu máls. Þar tel ég að hann hafi misbeitt valdi sínu því honum bar að bera tillögu sína undir fundinn,“ segir Bjarni.

Málið sem fjalla átti um varðaði tengingu Þverafellsvegar við Sauðárkrók. Gísli taldi Bjarna vanhæfan til þess að fjalla um málið vegna þess að nálægt vegstæðinu eru



ÁRSÆLL GUÐMUNDSSON SVEITARSTJÓRI Í SKAGAFIRÐI.

Meirihluti Sjálfstæðisflokksins og Vinstri-grænna í sveitarstjórn Skagafjarðar er óstarfhæfur eftir að fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Maronsson, lýsti því að trúnaðarbestur væri kominn upp á milli sín og flokksbróður síns Gísla Gunnarssonar, forseta sveitarstjórnar.

fyrirtæki sem tengjast Kaupfélagi Skagafirðinga, en Bjarni er í stjórn þess fyrirtækis.

Bjarni segir að meirihlutinn sé óvirkur. „Gísli hlýtur að eiga næsta leik í þessu máli, því hann ber

ábyrgð á ástandinu,“ segir Bjarni.

Ársæll Guðmundsson sveitarstjóri í Skagafirði vildi ekki tjá sig um málið. Ekki náðist í Gísla, sem staddur er í útlöndum.

- **sda**



HAFRETTARSTOFNUN
ÍSLANDS



HÁSKÓLI ÍSLANDS
Lagadeild

Málstofa um Svalbarðamálið

Háskóla Íslands, Lögbergi, stofu 101,
miðvikudaginn 6. apríl 2005 kl. 12.15-13.45

Dagskrá:

12.15 Inngangur:

Tómas H. Heiðar, þjóðréttarfræðingur í
utanríkisráðuneytinu, forstöðumaður
Hafreittarstofnunar Íslands.

12.30 Fyrirlestur:

Robin Churchill, prófessor við Cardiff Law School,
Bretlandi.

13.15 Fyrirspurnir og umræður.

13.45 Slit.

Málstofan er öllum opin á meðan húsrúm leyfir.

*færðu þig
keelling!*

Ert þú góð fyrirmynd í umferðinni?


UMFERÐARSTOFA



VEISTU SVARID?

- 1 Hvað heitir leigubíljörinn sem kvartaði undan því að fá ekki að sitja af sér sekt í fangelsi?
- 2 Hvað heitir lagið sem Joe Cocker, sem heldur tónleika hér í haust, sló í gegn með?
- 3 Hvaða meðlimur Írafárs hatti í hljómsveitinni á dögum?

SVÖRIN ERU Á BLS. 26

Stóriðja á Norðurlandi:

Vinna að því að fá álver á Akureyri

ÁLVER Hópur athafnamanna á Akureyri áformar að stofna félag sem hefur það að markmiði að álver rísi í Eyjafirði. Ásgeir Magnússon, forstöðumaður skrifstofu atvinnulífsins á Norðurlandi, átti frumkvæði að því að koma hópnum saman en hann segir of snemma að segja til um fyrstu aðgerðir félagsins. „Í hópnum eru einstaklingar á Akureyri sem vilja efla atvinnulíf í svæðinu. Dysnes í Eyjafirði hefur upp á marga góða kosti að bjóða með tilliti til stóriðju, og þessi

hópur vill nýta þá sem best og þrýsta þessu máli í höfn,“ segir Ásgeir.

Þrjár staðir á Norðurlandi er taldir koma til greina varðandi staðsetningu álvers: Eyjafjörður, nágrenni Húsavíkur og Skagafjörður. Margvíslegar stóriðjurannsóknir hafa farið fram í Eyjafirði á undanförunum 25 árum og sömuleiðis hafa ýmsar rannsóknir verið framkvæmdar við Húsavík. Litlar sem engar rannsóknir hafa hins vegar verið gerðar í Skagafirði.



ÁSGEIR MAGNÚSSON Fjárfestarnir ráða staðsetningu álversins, segir Ásgeir.

Landbúnaður:

Riða í Breiðdal

SAUFIÁRSJÚKDOMAR Öllu fé, um 100 kindum, á bænum Gilsárstekki í Breiðdal verður lógað þar sem riða fannst í einni kind á bænum. Er þetta þriðja riðutilfallið á Gilsárstekki frá árinu 1987 en Hákon Hansson, héraðsdýralæknir á Breiðdalsvík, segir slæmri umgengni ekki um að kenna.

„Umgengi á Gilsárstekki er til fyrirmyndar en þetta er lúmskur sjúkdómur og því erfitt að eiga við hann,“ segir Hákon.

Bændur sem neyðast til að skera fé vegna riðu fá bætur en mega ekki hafa fé í að lágmarki tvö ár.



HÆTTULEG GATNAMÓT Háar girðingar byrgja ökuhönum sýn.

Dalvegur og Hlíðarhjalli:

Hættuleg gatnamót

UMFERÐARMÁL „Þarna hafa þegar orðið árekstrar og mitt mat er að grípa þurfi til aðgerða sem fyrst,“ segir Kjartan Benediktsson, umferðarfulltrúi Landsbjargar og Umferðarstofu um hættuleg gatnamót á mótum Dalvegur og Hlíðarhjalla í Kópavogi. Háar girðingar á einkalóðum beggja vegna Hlíðarhjallans byrgja ökuhönum alla sýn og skapa hættu að hans mati.

„Ökumenn sem koma niður Hlíðarhjallann þurfa að fara verulega fram á Dalveginn til að sjá aðvífandi umferð og þar sem umferð þarna er bæði þung og hröð tel ég brýnt að bæta úr þessu sem fyrst.“

- aöe

Segja svigrúm til að meta tilboð á huglægán hátt:

Segir söluferli Símans gagnsætt

EINKAVÆÐING Jón Sveinsson, formaður einkavæðingarnefndar, segir unnið að því að skilgreina vægi hvers þáttar sem horft verður til þegar tilboð fjárfesta í Símann verða metin. Það verði kynnt um leið og verklagsreglurnar liggja fyrir.

Í auglýsingu um sölu Símans í fjölmöldum í gær er tekið fram að við mat á tilboðum verði meðal annars horft til fjárhagslegs styrks,



LANDSSÍMINN SELDUR Horft verður til fleiri þátta en verðs þegar Símann verður seldur.

reynslu af rekstri fyrirtækja og framtíðarsýnar varðandi rekstur Símans.

Í fréttabréfi greiningardeildar Íslandsbanka í gær segir að við fyrstu sýn virðist svigrúm fyrir huglægt mat við val á tilboðsgjafa. Æskilegra sé að reglur sem gildi við mat á tilboðum séu gagnsæjar.

Jón segir að þessar reglur verði gagnsæjar þegar einkavæðingarnefnd kynni vægi þeirra þátta sem horft verði til. Upplýsingagjöf varðandi söluferlið verði regluleg eftir því sem efni standi til og málsmeðferðin málefnaleg.

Í fréttum Íslandsbanka segir að hópur í kringum Burðarás, Landsbankann og eigendur Samsonar annars vegar og hópur í kringum Meið, Vís og KB banka hins vegar séu augljósir bjóðendur í Símann. Fleiri hópar muni væntanlega gera tilboð. Á hinn bóginn minnki þetta fyrirkomulag, að enginn megi eiga meira en 45 prósent, líklegast áhuga erlendra símafyrirtækja á að bjóða í Símann.

- bg



BROTIN ÞEYTTUST Í HÚS OG GARÐA Eldur kom upp í timburhúsi við Rósaríma í gærmorgun. Ekki er ljóst hvert tjónið er en líklegt er að það skipti tugum milljóna króna. Tveir gaskútar sprungu og þeyttust brotin í nærliggjandi hús og garða.

Bruni í Rósaríma:

Tjónið nemur tugum milljóna

BRUNI Eldur kviknaði í timburhúsi við Rósaríma í Grafarvogi í gærmorgun. Eldsupptök eru ókunn. Kona og ungabarn voru á efri hæð hússins og aðstoðaði reykkafrari þau út. Þau voru flutt á slysadeild en ekki var talið að um alvarleg meiðsl væri að ræða.

Gaskútur sprakk inni í húsinu og líka gaskútur á verönd hússins. Brotin þeyttust yfir í nærliggjandi hús og garða og skemmdist meðal annars svalastoð og renna á nærliggjandi húsi. Talsverðar skemmdir urðu á íbúð á efri hæð.

Reykkafarar voru að fást við eld sem logaði út um glugga og reykkafrari var að koma sér fyrir inni í húsinu þegar gaskúturinn sprakk inni í húsinu. Reykkafrari lét vita af hugsanlegum skaða á heyrn en hélt síðan áfram störfum sínum.

„Þetta var það mikil sprenging að reykkafrarinn sem var inni í



ÍBÚUM VAR BRUGÐIÐ Íbúum í Rósaríma var að vonum brugðið þegar eldurinn kom upp.

húsinu þeyttist um koll og hefur hugsanlega hlotið skaða af,“ segir Höskuldur Einarsson, stöðvarstjóri hjá Slökkviliðinu.

Ekki er vitað nákvæmlega hvert tjónið er en ljóst er að það skiptir tugum milljóna króna.

- ghs

Bílaeign lögreglunnar:

Misjöfn túlkun talna

LÖGREGLUMÁL Í fréttatilkynningu frá Ríkislögreglustjóra eru gerðar athugasemdir við fréttatilkynningu Fréttablaðsins af bílamálum lögreglunnar í landinu á mánudaginn var.

Fundið er að fyrirsögn blaðsins um að meirihluti lögreglubíla sé úreltur. Bent er á að af alls 150 ökutækjum lögreglu séu 102 bílar fimm ára og yngri á árinu og það sýni og sanni að fyrirsagnir blaðsins séu til þess fallnar að gefa ranga mynd af stöðu bílamála lögreglunnar.

Tölur Ríkislögreglustjóra eru réttar en fyrirsögn blaðsins um að 60 prósent bílanna séu fimm ára eða eldri er líka rétt. Munurinn liggur í þeim 44 bifreiðum lög-

reglunnar sem eru af árgærd 2000. Þar sem í fréttinni var bent á að hjá nágrannaþjóðum er miðað við fimm ára hámarksnotkun á lögreglubifreiðum áður en þær úrelast og eru seldar var eðlilega miðað við alla bíla fimm ára og eldri í bílafloetanum. Í þann flokk falla rúmlega 90 af þeim 150 bifreiðum sem lögreglan hefur til umráða, á meðan tæplega 60 eru yngri.

Meðal annarra athugasemda er að elsti lögreglubíllinn á Seyðisfirði sé þriggja ára en ekki fimm og hefur það fengist staðfest. Þá er einnig rétt að aðeins er einn bíll eftir sem ekinn er meira en 500 þúsund kílómetra en ekki nokkrir eins og fram kom.

- aöe

50% AFSL. AF GÖNGUGREININGU HJÁ SÉRFRÆÐINGUM ÖSSURAR HF.


fylgir með hverju pari af hlaupaskóm

Gildir út 15. apríl.

Fáðu aðstoð SÉRFRÆÐINGA við val á hlaupaskóm



Ásta Einarsdóttir, sjúkraþjálfari



Jónas Grani Gardarsson, sjúkraþjálfari



Lýður Skarphéðinsson, íþróttfræðingur



Ásmundur Arnarsson, sjúkraþjálfari

Göngugreining hjá Össuri hf. er eingöngu framkvæmd af menntuðu fagfólki

ÖSSUR HF Innanlandsdeild Suðurlandsbraut 34 108 Reykjavík sími 515 2360 www.ossur.is



Nýkomin sending af Asics Kayano og Asics Nimbus hlaupaskóm



Life Without Limitations



MIDVIKUDAGAR

20:00 Fólk með Sirrý
21:00 **America's
Next Top Model**
22:00 Law & Order: SVU
22:45 Jay Leno



ALLT SEM ÞÚ ÞARFT

FLORA/SIA F1012537



SKJÁR EINN DAG Í EINU

MÁ PR MI FI FÖ LA SU MÁ PR MI FI FÖ LA SU MÁ PR MI FI FÖ LA SU



MEÐ SÓLHLÍFARNAR Á LOFTI
Pílagrímar hafa streymt til Páfagarðs eftir fráfall Jóhannesar Páls II páfa og er talið að þegar yfir lýkur verði þeir orðnir þrjár milljónir talsins, jafnmargir og íbúar Róm- ar. Fjöldi þeirra brá upp sólhlífum í gær til að verjast geislum sólarinnar.

Leit að brasilíumanni hætt eftir rúma tvo sólarhringa:

Eftirgrennslan lögreglu haldið áfram

LÖGREGLUMÁL „Það er enginn greinarmunur gerður á einstaklingum þegar leit sem þessi stendur yfir,“ segir Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi. Formlegri leit að hinum brasilíska Ricardo Correia Dantas var hætt í fyrrkvöld en um tvö hundruð manns leitðu mannins þegar mest lét.

Þótt um umfangsmikla leit hafi verið að ræða sem margir hafi komið að hafa spurningar vaknað um hvort ekki sé heldur snemmt að hætta leit eftir rúmlega tvo daga. Til samanburðar leituðu flokkar björgunarsveitarmanna að Ítalanum David Paita sem hvarf í Eyjafirði árið 2002 í átta daga áður en formlegri leit var hætt.

Hjá Slysavarnarfélagi Landsbjargar fengust þær upplýsingar að það væri einhliða ákvörðun lögreglu á hverjum stað fyrir sig hvenær leit sem þessari væri hætt.

Ólafur Helgi segir ekkert óeðlilegt við þessa ákvörðun. Leitað hafi verið á öllum þeim stöðum sem til greina hafi komið, auk þess sem kafarar hafi kannað hafnir án árangurs og því hafi ekki þótt annað fært en hætta leit. Áfram verði þó grennslast fyrir um afdrif Dantas og allar ábendingar kannaðar til hlítar.

Ólafur óskar eftir því að allir þeir sem telja sig hafa upplýsingar um Dantas hafi samband við lögreglu sem allra fyrst.



RICARDO CORREIA DANTAS
Virðist hafa gafað upp á laugardaginn var og eftir ítarlega leit eru engar viðbendingar um hvar hann sé niðurkominn.

Fleiri fara norður: Íslendingar kjósa hótél

HEILSÁRSHÓTEL Gistinóttum á hótélum í febrúar fjölgaði um 2,5 prósent milli ára. Íslendingar gista í mun meira mæli á hótélum en áður. Gistinóttum þeirra fjölgaði um rúm fimmtán prósent en erlendra gesta um 2,4 prósent.

Ríflega fjórðungi fleiri kusu að gista á hótélum á Norðurlandi í febrúar í ár en í fyrra og fjölgar hótelnóttum mest þar. Á Suðurlandinu var samdráttur um rúm sex prósent en gistinóttum fjölgaði um þrjú prósent á Höfuðborgarsvæðinu.

Gistinætur á hótélum í febrúar voru 55.010 en 53.650 í fyrra. - **gag**

Tryggðu þér bestu kjörin og bókaðu strax á www.urvalutsyn.is

Vorsólin Portúgal

Síðustu sætin í apríl

12. apríl í 8 nætur -
á Paraiso eða Ondamar

Verð frá:

34.900 kr.*

á mann m.v. 2 í stúdíói

Fleiri eða færri?
Finndu verð á þinni ferð
á www.urvalutsyn.is

*Innifalið: Flug, gisting í 8 nætur, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.
Verð m.v. að bókað sé á netinu, ef bókað er á skrifstofu eða símileiðis þá er 2.000 kr bókanar- og þjónustugjald á mann.



www.urvalutsyn.is



ÚTVARPSRÁÐ

Snarpar umræður urðu um fréttastjórámálið á RÚV á fundi útvarpsráðs í gær. Formaður ráðsins, Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, beindi því til Markúsar Arnar Antonssonar útvarpsstjóra að málið yrði skoðað. Myndin var tekin á fundi ráðsins í gær.

Hefði viljað fresta ráðningu fréttastjóra

Formaður Útvarpsráðs vill svör við fréttastefnu nýs fréttastjóra Útvarps. Formaðurinn segir að hann hefði viljað að ráðningu Óðins Jónssonar hefði verið frestað. Snarpar umræður urðu um fréttastjórámálið á fundi útvarpsráðs í gær.

RÍKISÚTVARPIÐ Formaður Útvarpsráðs, Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, ætlar að spyrja Óðin Jónsson, nýjan fréttastjóra Útvarps hvort honum þyki „virki-

lega“ að Útvarpið hafi staðið rétt að umfjöllun um fréttastjórámálið, sem orðið hafi til þess að Auðun Georg Ólafsson sagði sig frá starfi síðastliðinn föstudag. Gunnlaugur Sævar segist munu leggja fram þessa spurningu á næsta fundi útvarpsráðs, þar sem Óðinn verði gestur fundarins.

Á fundi útvarpsráðs í gær fór fram snörp umræða um feril fréttastjórámálsins. Gunnlaugur Sævar kvaðst hafa beint því til útvarpsstjóra á fundinum að þetta mál yrði skoðað.

„Það sem ég ræddi mest voru áhyggjur mínar af þessum unga manni sem fékk þessa meðferð sem hann fékk,“ sagði Gunnlaugur Sævar. „Ég gat þess að mér væri sama hvað þessir menn lemdu á mér, til þess væri ég þarna. En ég hlýt að gera þá kröfu til starfsmanna Ríkisútvarpsins að þeir gangi hægt um gleðinnar dyr í svona málum, þegar fólk gerir ekki annað en að óska eftir starfi við stofnunina og fá það. Ég minni á að fréttamenn eigi sífellt að vera vakandi yfir því að þeir sem hafa hag af málum séu ekki mikið með puttna í þeim.“

Gunnlaugur Sævar sagði að fréttamenn RÚV hefðu farið algjöru offari í málinu og viðtalið við Auðun Georg í hádegisfréttum Útvarpsins síðastliðinn föstudag hefði verið fyrir neðan allar hellur. Formaður útvarpsráðs kvaðst hafa viljað bíða með að ráða nýjan fréttastjóra Útvarps, eftir að Auðun Georg gekk úr skaftinu, þar til fjölmiðlafrumvarpið væri orðið að lögum. Sú aðferð yrði viðhöfð við ráðningu yfirmanns dagskrárgerðar í stað Jóhanns Haukssonar.

Á útvarpsráðsfundinum lagði Ingvar Sverrisson fram eftirfarandi bókun fyrir hönd Samfylkingar vegna ráðningar fréttastjóra útvarps:

„Fulltrúar Samfylkingarinnar í útvarpsráði lýsa yfir ánægju með niðurstöðu fréttastjórámálsins sem er í samræmi við afstöðu okkar á síðasta fundi, þar sem við lýstum þeirri skoðun okkar að velja bæri einn af þeim fimm sem hæfastir voru taldir í hópi umsækjenda. Það hefur útvarpsstjóri að lokum gert. Að gefnu tilefni lýsum við fullu trausti á fréttastofu útvarps og starfsmenn hennar.“

jss@frettabladid.is

Gjaldfrjálsir leikskólar:

Foreldrar ánægðir

REYKJAVÍK Samtök foreldrafélaga leikskólanna í Reykjavík fagna áformum borgaryfirvalda að bjóða upp á gjaldfrjálsan leikskóla í Reykjavík, að því er fram kemur í ályktun sem samþykkt var á aðalfundi félagsins. Félagið skorar jafnframt á yfirvöld að stytta verulega þann tíma sem áformað er að það taki að koma á gjaldfrjálsum leikskóla og að stefna að því að taka næsta skref strax í haust.



LEIKSKÓLABÖRN Í REYKJAVÍK.
Samtök foreldrafélaga leikskólanna í Reykjavík fagna áformum Reykjavíkurborgar um gjaldfrjálsan leikskóla.



Meistara- og doktorsnám í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands

Kynningarfundur um meistara- og doktorsnám
miðvikudaginn 6. apríl kl. 16:00 í Odda v/Sturlugötu, stofu 101

Umsjónarmenn einstakra sérsviða kynna skipulag námsins.

- M.Acc. í reikningshaldi og endurskoðun
- MA nám í mannauðsstjórnun
- MS nám í fjármálum
- MS nám í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum
- MS nám í stjórnun og stefnumótun
- MS nám í hagfræði
- MS nám í heilsuhagfræði
- MBA nám
- Doktorsnám í hagfræði
- Doktorsnám í viðskiptafræði

Kynntu þér möguleika þína!

Öflugt og krefjandi framhaldsnám
Alþjóðleg viðmið
Kennarar í fremstu röð
Sérsvið nám að kröfum nútímans

Allir velkomnir á fundinn.
Kaffiveitingar



Viðskipta- og hagfræðideild
Háskóla Íslands



Jóhannes Páll II jarðsunginn:

Fjöldi fyrirmenna við útför páfa

PÁFINN Fjöldi fyrirmenna verður við útför Jóhannesar Páls II páfa. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra verður fulltrúi Íslands. George Bush Bandaríkaforsæti og Bill Clinton verða báðir viðstaddir þegar Jóhannes Páll páfi verður jarðsunginn á föstudag.

Bush verður fyrsti starfandi Bandaríkjaforseti til að vera við útför páfa. Þá hefur Rowan Williams, erkibiskup af Kantaraborg, boðað komu sína en þetta verður í fyrsta skipti sem yfirmaður ensku biskupakirkjunnar verður viðstaddur þegar páfi er borinn til grafar.

Nokkrum sinnum hefur kastast í kekki milli biskupakirkjunnar og Vatíkansins undanfarin ár vegna breytinga innan biskupakirkjunnar. Jóhannes Páll páfi var til dæmis á móti því þegar konur hlutu prestvígslur í biskupakirkjunni og þegar samkynhneigður prestur var kjörinn biskup í New Hampshire.

Milljónir manna streyma hvaðanæva að úr heiminum til Rómar í pílagrímsför og hans er minnst víða um lönd. Um 200 þúsund manns söfnuðust saman á götum Varsjár í Póllandi og minnst Jóhannesar Páls, sem var pólskur. ■



FRÁ VARSJÁ

200 þúsund manns söfnuðust saman á götum Varsjár í Póllandi og minnst landa síns.

KJARAMÁL

SÁTT UM SAMNING BSRB SFR hefur samþykkt kjarasamning við ríkið. Samningurinn gildir til ársloka 2007 og verður hækkun launa á tímabilinu 12,5 prósent. Á kjörskrá voru 167. Alls greiddu 34 prósent félagsmanna atkvæði. Já, sögðu 44 eða 76 prósent. Nei, sögðu 14 eða 24 prósent. Launataflan nær frá 92.585 krónum að 343.204 krónum.

SAMIÐ Á SUÐURNESJUM OG VÍÐAR Kjarasamningur Starfsmannafélags Suðurnesja við ríkið vegna félagsmanna á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja var samþykktur með 94 prósentum atkvæða í gær. Er um 12,5 prósent launahækkun á samningstímanum að ræða. Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum hafa einnig samið við ríkið.



VESTURFARASETRÍÐ Á HOFÓSÍ Fjölmörg minni söfn úti á landi munu berast í bökkum fjárhagslega eftir úthlutun Safnaráðs að mati safnstjóra fyrir vestan.

Safnaráð:

Reiði vegna úthlutunar

SÖFN „Ég ætla ekki að standa í stappi um smápeninga næstu árin og ætla persónulega að snúa mér að einhverju öðru,“ segir Jón Jónsson, safnastjóri á Galdrasafninu á Hólmavík og Sauðfjarsafninu á Ströndum. Mikil reiði hefur gripið um sig meðal stjórnenda minni safna á landinu vegna úthlutunar Safnaráðs fyrir þetta ár en þær þykja vel skornar við nögl.

Jón segir úthlutanir sjóðsins byggðar á aðsókn gesta frá árinu 2003 en þá var Sauðfjarsafn hans að Ströndum nýopnað og aðsókn lítil. „Núna geld ég þess tveimur árum seinna að ekki var fullt út úr dyrum fyrsta starfsár safnsins og rekstrargrundvöllur safnsins að heita brostinn fyrir þetta ár.“ - aðe

Sameining MS og MFB:

Dalamenn samþykkja

SAMRUNI Dalamenn hafa samþykkt samruna Mjólkursamsöslunnar í Reykjavík og Mjólkurbús Flóamanna. Sameiningin var samþykkt með 23 atkvæðum gegn sex og hafa því öll aðildarfélag MS samþykkt samruna MS og YMjólkurbús Flóamanna utan eitt, sem er fulltrúafundur MBF.

Að því gefnu að sá fundur samþykki sameininguna verður samruni félaganna að veruleika. - sþs

Kolmunnaveiðar:

Góð búbót

KOLMUNNI Um 60 þúsund tonn af kolmunna hafa borist til íslenskra hafna á vertíðinni og hefur mestu verið landað hjá fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar á Seyðisfirði, tæpum 16 þúsund tonnum. Stærstur hluti aflans kemur frá erlendum skipum eða um 55 þúsund tonn.

Freysteinn Bjarnason, framkvæmdastjóri útgerðar Síldarvinnslunnar, segir kolmunnan góða búbót í kjölfar loðnuvertíðar og að íslenski flotinn haldi á næstu dögum á miðin syðst í færsku lögsögunni. - kk

SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN



LEGACY

Subaru Legacy Wagon sjálfskiptur

Verð áður 2.790.000

Verð nú 2.460.000

Verð á mán 29.447,-*



FORESTER

Subaru Forester sjálfskiptur

Verð áður 2.750.000

Verð nú 2.450.000

Verð á mán 29.328,-*



IMPREZA

Subaru Impreza Sedan sjálfskiptur

Verð áður 2.250.000

Verð nú 2.065.000

Verð á mán 24.741,-*



OUTBACK

Subaru Outback 2,5 sjálfskiptur

Verð áður 3.680.000

Verð nú 3.360.000

Verð á mán 40.169,-*

Subaru Outback 3,0 sjálfskiptur

Verð nú 4.190.000

ÓTVÍRÆÐIR YFIRBURÐIR

Gerðu fyrst gæðasamanburð. Aldrifið er sannkallað listaverk – lárétt Boxer vél og fullkomin fjórhjóladrifstækni tryggja hámarks rásfestu og veggrip á öllum hjólum. Jafnvægið ræður ríkjum og Subaru er einfaldlega engu líkur.



SYMMETRICAL AWD JAFNVÆGI

Svo skaltu gera verðsamanburð. Athugaðu verðið á öðrum bílum í sama stærðarflokki. Berðu saman búnað, frágang, aksturseiginleika og reynslu við fjölbreytilegustu aðstæður. Og það skritna er að það besta kostar ekki mest, heldur einna minnst!

*Bilasamningur með 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði.

Ingvar Helgason		Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is		Opíð: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00				
Hrísmýri 2a 800 Selfossi 482-3100	Eyrarlandi 1 530 Hvammstanga 451-2230	Sæmundargötu 3 550 Sauðárkrúki 453-5141	Holtsgötu 52 260 Njarðvík 421-8808	Dalbraut 2b 300 Akranesi 431-1376	Vikurbraut 4 780 Höfn í Hornafirði 478-1990	Búðareyri 33 730 Reyðarfjörður 474-1453	Sindragötu 3 400 Ísafjörður 456-4540	Óseyri 5 603 Akureyri 461-2960

FBL-GREINING: KVENNALISTINN Í TÍMANS RÁS

Reis hæst í kosningunum 1987

Stofnfundur Samtaka um kvennaframboð var haldinn á Hótel Borg í lok janúar 1982. Nokkrir frumherjar Kvennaframboðsins voru Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Kristín Ásgeirsdóttir. Kvennaframboðið var fyrirrennari kvennalista og kom tveimur konum í borgarstjórn Reykjavíkur 1982.

23. apríl 1983 bauð Kvennalistinn fram í alþingiskosningum í fyrsta sinn í þremur stærstu kjördæmum landsins, Reykjavík, Reykjanesi og Norðurlandi eystra. Kvennalistinn fékk 5,5 prósent fylgi og þrjár þingkonur. Það voru þær Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir og Kristín Halldórsdóttir. Kvennalistinn hélt því fram að þeirra pólitík yrði ekki skilgreind samkvæmt gömlum viðmiðum um hægri og vinstri.



Í alþingiskosningum 1987 hlaut Kvennalistinn 10,1 prósent fylgi og fékk 6 konur á þing. Listinn lagði áherslu á samvirka forystu og hafði fyrir reglu að engin kona skyldi sitja lengur á þingi fyrir Kvennalistann en í sex ár í senn. Vorið 1988 mældist kvennalistinn með þriðjungsfylgi í skoðanakönnunum sem

var meira fylgi en Sjálfstæðisflokkur hafði. Þremur árum síðar í þingkosningum 1991 missti listinn eina konu af þingi þegar hann hlaut 8,3 prósent fylgi. Kvennalistinn var talinn hafa farið flatt á því að sýnast aldrei tilbúinn til stjórnarþátttöku auk þess sem samtökin höfðu færst meira til vinstri. Þetta ár

settist Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fyrst á þing en hún hafði getið sér gott orð í borgarstjórn Reykjavíkur. Nokkuð var rætt um þann möguleika að Kvennalistinn kæmi til liðs við ríkisstjórnarflokka Sjálfstæðis- og Alþýðuflokks en ekkert varð úr því.

1992 gáfu samtök um kvennalista út tímaritið Veru í fyrsta sinn sem fjallaði um konur og kvenfrelsi. Í þingkosningum árið 1994 hrundi fylgi Kvennalistans í 4,9 prósent og fékk aðeins þrjú þingmenn. Tími sérstaks kvennaframboðs virtist liðinn enda leit uðust allir flokkar nú við að auka hlut kvenna á framboðslistum sínum. 1998 var Samfylkingin mynduð úr Kvennalista, Alþýðubandalagi, Alþýðuflokki og Þjóðvaka.

Heimild: Island í aldanna rás.



SPURT & SVARÐ
KONUR Í STJÓRN MÁLUM



UNA MARÍA ÓSKARSDÓTTIR

Efla starf kvenna

Er hlutur kvenna að skerðast? Já, hlutur kvenna skertist í síðustu Alþingiskosningum þegar hlutfall kvenna á Alþingi féll úr um 35% í 30%. Er vakning í baráttumálum kvenna? Já, aukinn kraftur hefur eggjað fleiri og fleiri. Konur þurfa að gefa eftir inni á heimilunum og karlar þurfa að gefa eftir í stjórnáttum og hleypa konum að í ríkari mæli. Þarf að stofna íslenskan kvennalista? Æskilegast er að efla starf kvenna innan flokkanna. Ef ekki næst áþreifanlegur árangur á næstu árum hljóta margir jafnréttissinnar að skoða hugmyndina um kvennalista með opnum huga.

Sagt auka líkur á hægristjórn

Nýtt kvennaframboð veldur titringi í sænskum stjórnmálum. Sumir spá því að það auki möguleikana á að hægristjórn taki við eftir næstu kosningar.

Tilkynning Guðrun Schyman, fyrrverandi formanns sænska Vinstriflokksins, og samherja hennar á mánudag um stofnun nýs kvennaframboðs sem stefni á að koma fulltrúum á þing í næstu kosningum, hefur valdið talsverðum titringi í sænskum stjórnmálum. Stjórnmálaskýrindur sænsku blaðanna taka reyndar fram, að hótunin um stofnun femínistaflokks, sem legið hafði í loftinu um nokkurt skeið, hefði þegar leitt til áherzlubreytinga í stjórnmálum landsins.

Þannig segir stjórnmálaskýrandi Dagens Nyheter að „dramatískar kosningar“ séu framundan á næsta ári, þar sem hver flokkur sem ætli sér að fá sæti á þingi verði að koma því til



ÞINGKONUR KVENNALISTANS Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir og Kristín Halldórsdóttir taka lagið með Bergþóru Árnadóttur árið 1985. Tuttugu árum síðar er kominn fram sænskur kvennalisti.

skila til kjósenda með trúverðugum hætti að hann hyggist gera betur í jafnréttismálunum. Minnihlutastjórn jafnaðarmanna hefði gert sér vonir um að fá fulltrúa Vinstriflokksins og Umhverfislökksins til að styðja nýjasta fjárlagafrumvarp stórnarinnar án mikils samningabjarks og vinstriflokksarnir gætu í framhaldinu sýnt einingu gagnvart borgaraflokkunum í hinum komandi kosningum. Þessum vonum hafi Guðrun Schyman spillt. Orðrómurinn

um kvennaframboðið varð til þess að fulltrúar beggja litlu vinstriflokka settu fram nýjar kröfur fyrir samþykki fjárlagafrumvarpsins, enda hafa kannanir sýnt að minnst helmingur kjósenda Umhverfislökksins og um þriðjungur kjósenda Vinstriflokksins gætu hugsað sér að kjósa nýjan femínistaflokk.

Áfall fyrir Vinstriflokkinn

„Mér er annt um það, hvernig flokkssystkinum mínum í

Vinstriflokknum reidir af í þessu sambandi,“ segir Steingrímur J. Sigfússon formaður Vinstrigrænna, inntur eftir viðbrögðum við fréttunum frá Svþjóð. „Þetta er auðvitað að mörgu leyti áfall fyrir þann flokk. Mörgum þar finnst nú Guðrun reynast sínum fyrri félögum anzi ótrygg, því að satt best að segja naut hún mikils stuðnings til þess að breyta þeim flokki í hreinan femíniskan flokk og á þeim bæ kannast menn ekki við annað en að menn hafi verið þeirri arfleifð mjög trúir, enda

Guðrun Schyman:

Litríkur foringi femínista

Guðrun Schyman er fædd árið 1948. Hún varð fyrst þingmaður fyrir Vinstriflokkinn (sem hét þá Vinstriflokkurinn-Kommúnistarnir) árið 1988. Formaður hans varð hún árið 1993 og fór fyrir honum í tíu ár. Hún stýrði flokknum í átt að róttækum femínisma.

Schyman aflaði sér mikils persónufylgis meðal annars með óvenjulegri framgöngu í kosningabaráttu. Sum uppátæki hennar urðu strax umdeild, svo sem er hún líkti sænskum karlmönnum við talibana í Afganistan. Drykkjusýki háði henni, en á meðan hneykslismálin héldust í skefjum jók sá veikleiki hennar jafnvel bara vinsældir hennar. Þegar uppvíst varð í ársbyrjun 2003 að hún hefði talið fram sem kostnað til frádráttar frá skatti ýmislegt sem flokkurinn og þingið hefðu greitt var henni ekki lengur sætt í formannsstöli Vinstriflokksins. Þetta hneyksli



þótti slá allt annað út – fullirín á almannaþæri, leigubílaferðalögin eða húshjálpin sem vann svart hjá henni.

Í desember 2004 gekk hún úr Vinstriflokknum og lýsti því yfir að hún hygðist áfram há femíniska baráttu utan flokka.

Er þú einn af þeim sem átt stafræna upptökuvél og langar til að læra að vinna efnið og gera það sem sölumaðurinn sagði að hægt væri að gera?

Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist skilning á undirstöðuatriðum myndbandsgerðar allt frá því að breyta hugmynd í handrit og fínþússa myndbönd með ýmsum effektum. Nemendur verða að hafa góða almenna tölvukunnáttu og æskilegt er að nemendur eigi eða hafi aðgang að stafrænni tökvél.

Kennt er á Premiere klippiforritið frá Adobe sem er eitt vislæsta forritið á markaðnum í dag.



Kvöldnámskeið

Mán. & mið. 18:00 - 22:00
Byrjar 9. og lýkur 30 maí.

ntv.is

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS

Tilkoma Kvennalistsans:

Jók hlut kvenna í öðrum stjórnmalaflokkum

KVENNALISTI „Það er áreiðanlegt að tilkoma Kvennalistsans hafi átt mikinn þátt í því að auka hlut kvenna í þingmannaliði hinna stjórnmalaflokkanna,“ segir Ólafur Þ. Harðarson stjórnmalafraeðingur. Þessi þróun hefði kannski orðið hvort eð var en tilkoma listsans hafi í það minnsta flýtt fyrir henni, telur Ólafur. Á tíunda áratugnum hafi verið svo komið að í Reykjavík og á Reykjanesi var nánast helmingur þingmanna konur. Hins vegar hafi landsbyggðarkjördæmin setið mjög

eftir og sé það meginástæðan fyrir því að konur hafi ekki náð helmingshlut á Alþingi, segir Ólafur.

Breytingarnar urðu helst innan hinna stjórnmalaflokkanna enda segir Ólafur að Kvennalistinn hafi sjálfur ekki komið mörgum málum í gegn þar sem hann var ætíð í stjórnarandstöðu og aldrei í ríkisstjórn. Bein áhrif Kvennalistsans voru því lítil en óbein áhrif hans umtalsverð, að mati Ólafs.



ÓLAFUR Þ. HARÐARSON

- sgi

Guðrún Agnarsdóttir:

Sókn sem á rétt á sér

Guðrún Agnarsdóttir, sem var í hópi fyrstu þingkvenna Kvennalistsans, segist ekki þekkja stöðuna í sænskum stjórnmalum og samfélagi það vel að hún geti dæmt um möguleika nýja sænska femínistaframboðsins. „En hins vegar, því miður, virðist þessi sókn, þessi barátta fyrir auknum réttindum kvenna, eiga rétt á sér á hverjum tíma,“ segir Guðrún, spurð um það, hvort það komi ekki spænskt fyrir sjónir að slíkt framboð komi fram í hinu jafnréttissinnaða sænska nútímasamfélagi tveimur áratugum síðar en á Íslandi.



„Þegar Kvennaframboð og Kvennalistinn voru stofnuð á árunum 1982 og 1983 vissu fæstar þær konur sem að þeim stóðu að það hafði áður verið stofnað til kvennaframboðs á Íslandi, mörgum áratugum fyrir, þar sem áherslurnar voru meira og minna þær sömu. Það er mjög athyglisvert að lesa það sem komið hefur fram um

Dreifir kröftum vinstriafla

Aðspurður segir Steingrímur það vissulega geta verið að þetta nýja framboð muni dreifa kröftum vinstriaflanna í Svíþjóð þannig að það auki líkurnar á að borgaraflokkarnir komist í rík-

leggur sænski Vinstriflokkurinn geysilega mikla áherzlu á kvenfrelsi og jafnréttismál.“ segir Steingrímur.

„Ég held þannig að áhrifin af flokksstofnun Guðrunar verði minni en ella, vegna þess að femínismi er mjög sterkur í sænskum stjórnmalum,“ segir Steingrímur.

„Þess vegna er þetta eiginlega þeim mun merkilegra að árið 2005 skuli verið að stofna kvennaflokk í Svíþjóð.“ Flestir sænskir stjórnmalamenn, þar með talinn Göran Persson, skilgreini sig sem femínista að sögn Steingríms. Það sé einkennandi fyrir sænsk stjórnmal, miklu frekar en til dæmis í Danmörku, þar sem menn hafi verið feimnir við slíkar skilgreiningar. „Þannig að maður myndi fljótt á litið ætla að plássið eða jarðvegurinn fyrir svona hreinan kvennaflokk ætti nú að vera hvað minnstur í Svíþjóð, af öllum löndum,“ segir Steingrímur. Hlutföllin þar séu jú mjög jöfn, hátt hlutfall kvenna á þingi og jafnmargir karl- og kvenráðherrar, svo dæmi séu nefnd.

Guðrun Schyman hrökklaðist úr forystu Vinstriflokksins vegna hneykslismála, því síðasta árið 2003 þegar hún varð uppvís að skattsvikum. Ætli geti verið að persónuleg metnaðargirnd reki hana til þess að stofna nýjan flokk?

„Ég vil nú ekki ganga svo langt að segja það,“ svarar Steingrímur. „En Guðrun Schyman er mikil baráttumanneskja og hefur geysilegan sjarma og mikinn kjörþokka eins og sagt er, hún kann lagið á að halda athygli fjölmörgu. Þannig að það er erfitt að meta hvaða árangri hún kann að ná, að minnsta kosti svona í fyrstu umferð.“ Það muni mikið til fara eftir því hvaða fólk velst til að manna framboðið með henni.

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON Segir nýja sænska kvennaframboðið áfall fyrir systurflokk Vinstri-grænna í Svíþjóð.

isstjórn. Þessari skoðun hafa einnig málsmetandi talsmenn sænska Jafnaðarmannaflokksins lýst, þar á meðal Marita Ulvskog, sem er ritari flokksins en hún er meðal annars þekkt fyrir að hafa startað femínistasamráðsnetinu Feministas. „Vandamálið er að stofni þær [Schyman og fylgiskonur hennar] í alvöru stjórnmalaflokk munu þær óhjákvæmilega taka kjósendur frá Umhverfis- og Vinstriflokknum, kannski jafnaðarmönnum líka. Það myndi ýta undir að við fengjum hægristjórn eftir næstu kosningar,“ hefur Dagens Nyheter eftir Ulvskog.

audunn@frettabladid.is



NÝJAR UMBÚÐIR

ÁN MSG

Sjóðheitu pylsurnar frá Goða slá í gegn hjá fólki á öllum aldri.



-alltaf góður

skoðun

**SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON**

Hvorki gert ráð fyrir Sundabraut né mismögum gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar í nýrri samgönguáætlun.

Kemur Sundabraut fyrst eftir tíu ár?

Hvernig má það vera að hvorki sé gert ráð fyrir Sundabraut né mismögum gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar í nýrri samgönguáætlun samgönguráðherra sem greint var frá í Fréttablaðinu í gær. Þetta eru þær vegafarmkvæmdir sem mest liggur á að ýta úr vör á landinu. Það er mikill misskilningur að þessar farmkvæmdir séu fyrst og fremst í þágu höfuðborgarbúa og nágretta þeirra, alveg eins og þegar talað er um að jarðgöng á ýmsum stöðum á landinu séu aðeins fyrir viðkomandi byggðarlög. Auðvitað er ávinningurinn mestur hjá þeim sem næst þessum samgöngumannvirkjum búa, en mikil og dýr umferðarmannvirki eins og mismög gatnamót á höfuðborgarsvæðinu og jarðgöng víða um land þjóna að sjálfsögðu landsmönnum öllum og eru til þess að samgangur og samskipti landsmanna alls staðar á landinu aukist.

” Hönnun og undirbúningur verksins tekur langan tíma, og enn er ekki einu sinni búið að ákveða hvaða leið verður farin yfir Elliðaárveg. Menn geta rétt ímyndað sér hvers konar umferðaröngþveiti á eftir að myndast á vegum í nágrenni höfuðborgarinnar um helgar eftir tíu ár.

Borgaryfirvöld og samgönguyfirvöld í landinu hafa löngum verið að kíta um samgöngumannvirki á höfuðborgarsvæðinu, en nú er kominn tími til að Sturla Böðvarsson samgönguráðherra og Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri setjist niður og ná einhverri skynsamlegri sátt um þessi mál. Samgönguráðherra verður að átta sig á því að hann er ráðherra samgöngumála fyrir landið allt og borgarstjórinn verður að hafa ákveðna stefnu í þessum málum fyrir hönd Reykvíkinga. Fram til þessa hefur heldur lítið borið á þingmönnum Reykvíkinga í baráttunni fyrir mismögum gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar og lagningu Sundabrautar. Það er eins og þeim komi þetta mál lítið við. Landsbyggðarþingmenn eru miklu hardari í að berjast fyrir samgöngubótum í sínum kjördæmum, enda brenna samgöngumálin heitar á landsbyggðarfólki en þeim sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Þegar haldinn var almennur fundur um áframhald á breikkun Reykjanesbrautar mættu nær allir þingmenn og ráðherrar Suðurkjördæmis. Hvenær hafa þingmenn Reykvíkinga og Kragans svokallaða sýnt álíka samstöðu? Þá ber líka að hafa í huga að flestir leiðtogar stjórnmalaflokkanna eru einmitt þingmenn höfuðborgarinnar.

Eins og nú horfir verður umferð vart hleypt á fyrsta áfanga Sundabrautar fyrr en eftir um það bil tíu ár, nema eitthvað breytist fram að þeim tíma. Hönnun og undirbúningur verksins tekur langan tíma og enn er ekki einu sinni búið að ákveða hvaða leið verður farin yfir Elliðaárveg. Menn geta rétt ímyndað sér hvers konar umferðaröngþveiti á eftir að myndast á vegum í nágrenni höfuðborgarinnar um helgar eftir tíu ár. Þá er óskiljanlegt hvers vegna fyrirætlunum um mismög gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar er sífellt slegið á frest. Nú er sagt að gera eigi breytingar á þeim gatnamótum, sem bæði eigi að auka umferðaröngþveiti og greiða umferð um gatnamótin, en framkvæmdirnar eiga hins vegar ekki að hefjast fyrr en á næsta ári. Hvað verða mörg slys og árekstrar þar fram að þeim tíma? Þetta eru fjölförnustu gatnamót landsins, og því ekki óeðlilegt að þar verði mörg óhöpp, en þegar búið er að sýna fram á að hægt væri að fækka þeim, hvers vegna er þá ekki brugðist við? ■

FRÁ DEGI TIL DAGS		
Sáttahöndin	Fáir mánuðir eftir	verðandi ritstjóri þess blaðs vandar útvarpsstjóra ekki kveðurnar í litlum títli í byrjun blaðsins. Greinin byrjar svona: „Þegar vopnin voru kvædd í Ríkisútvarpinu, lá eftir í sárum útvarpsstjóri, sem flestir geta verið sammála um, að sé sá lélegasti frá öndverðu.“ Og svo framvegis á la Jónas Kristjánsson. En skammirnar koma úr öllum áttum. Þannig mun formanni Útvarpsráðs, Gunnlaugi Sævari, ekkert sérlega skemmt yfir ráðningu Óðins Jónssonar. Óðinn sagði einmitt á dögunum að téður Gunnlaugur hefði aldrei unnið Ríkisútvarpinu nokkurt gagn ...
Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri þykir af mörgum vera maður að meiri eftir að hafa höggvið á fréttastjóra-hnúttin á sunnudag – og það nokkuð karlmannlega. Þykir hann þar hafa skransað fagmannlega framhjá Útvarpsráði sem bjóst allt eins við því að þurfa að taka á málinu á fundi sínum í gær, þriðjudag. Eftir standa hins vegar endurteknar vantraustsýfirlýsingar undirmanna hans sem margir hverjir felldu froðu vegna aðkomu útvarpsstjórans að fréttastjóramálinu. Úr Efstaleitinu heyrast þær raddir að Markús verði að rétta fram aðra sáttahönd á næstu dögum – og beina henni sérstaklega að almennum starfsmönnum. Og menn sum sé bíða spenntir ...	Vel má vera að Markús Örn hafi skamman tíma til þessara sáttgjörða sinna. Eftir lendinguna í fréttastjóramálinu er allt eins búið við því að nýtt stjórnarformvarp um Ríkisútvarpið verði að lögum fyrir sumarfrí alþingismanna. Þar með yrði kjörin ný stjórn þessa ríkisfjölmiðils, sem aftur kys útvarpsstjóra. Og það gæti orðið harla fljótt. Markús Örn gæti því hæglega verið horfinn til annarra starfa eftir nokkra mánuði ...	ser@frettabladid.is
	Aldrei nokkurt gagn	Markús Örn hefur varla kynnst öðrum eins gjörningaveðrum í embættismanna- og stjórnmalatíð sinni og leikið hafa um Efstaleitið síðustu daga og vikur. Að honum hefur verið sótt úr öllum áttum; nú síðast í DV í gær en



Kennum börnum að hlusta á sögur

„Segðu mér sögu amma, segðu mér sögu“. Lítil stúlka veit fátt skemmtilegra en hlusta á sögur, hvort sem þær eru lesnar af bók eða spunnar upp á staðnum og harðneitar að fara að sofa án sögustundar. Flest, ef ekki öll börn, njóta slíkra sögustunda og líklega njóta þau ekki síður nálgðarinnar við sögumanninn en sögustundarinnar sjálfar og kyrrðarinnar sem fylgir. Það er hins vegar enginn vandi að drepa niður slíkan áhuga með því að sinna honum ekki, gefa sér ekki tíma, ýta verkefninu til hliðar fyrir eitthvað sem liggur meira á. En þegar upp er staðið getur allt beðið nema uppeldi barnanna okkar. Það þarf að hafa forgang hverja stund og stór og mikilvægur þáttur uppeldis er að segja börnum sögur, lesa fyrir þau góðar bækur og spinna upp sögur sem reyna á ímyndunaraflíð. Myndbandsspóla getur aldrei komið í staðinn fyrir góða bók vegna þess að hún skilur ekkert eftir handa ímyndunaraflinu.

Það var gaman að hlusta á frú Vigdís Finnbogadóttur lýsa því í sjónvarpsþætti um helgina hvernig hún reifst og jafnvel slóst við bróður sinn um útlit söguhetjunnar í uppáhaldssöggunni. Voru augun brún eða blá? Slíkar vangaveltur gátu orðið til efni slagsmála milli systkinanna. Er húsíð rautt eða grænt? Baturinn hvítur eða svartur? Myndbandið svarar öllum slíkum spurningum áður en þær eru bornar upp og barnið fær ekki tækifæri til að skapa mynd af aðstaðnum og umhverfi í huga sér. Öll börn hafa ríkt ímyndunarafl en ef það er ekki notað og þau hvött á því sviði er hætt við að það verði fátæklega með hverju árinu. Mörg myndbönd fyrir börn hafa verið talsett á íslensku og það er gert ágætlega, lærdör leikarar sjá um talsetningu, málfarar er í flestum tilvikum gott og útkoman finar sögur sem höfða

Í DAG
GILDI BÓKA OG SAGNA

INGA RÓSA ÞÓRDARDÓTTIR

” En þegar upp er staðið getur allt beðið nema uppeldi barnanna okkar. Það þarf að hafa forgang hverja stund og stór og mikilvægur þáttur uppeldis er að segja börnum sögur, lesa fyrir þau góðar bækur og spinna upp sögur sem reyna á ímyndunaraflíð.

til barna. En þessar sögur örva ekki ímyndunaraflíð, hvetja ekki til sköpunar. Börnin verða neytendur en ekki þátttakendur með sama hætti og við lestur góðrar bókar. Orðaforði er að auki mun takmarkaðri en rými er til í sögubókum og orðaforði íslenskra barna og unglina er einmitt vaxandi áhyggjuefni vegna þess hve hann er minnkandi.

En myndbands- og sjónvarpsþættir og tölvuleikir gera ekkert til að örva eða auka orðaforða og þar með lesskilning barna og unglina. Ástæðan er ekki sú að þetta efni sé svo lélegt eða óvandað, öðru nær. Það er bara ekki pláss, ekki tími. Öllu er þjappað saman í eins einfaldan og stuttan texta og hægt er og ekkert svigrúm er fyrir fjölbreytt orðaval.

Bókin hins vegar hefur þetta

svigrúm. Þar er nóg pláss, nógur tími. Þar er hægt að nota fjölmörg orð um sama hlutinn, bregða upp persónugervingum, myndhverfingum og ýmsu myndmáli sem örvar og hvetur hugann. Það þarf hins vegar að venja börn við slíkt málfrá unga aldri. Það er engin ástæða til að lesa alltaf auðveldar bækur fyrir börn, velja alltaf þær bækur sem þau vilja helst. Það þarf að kenna þeim, hvetja þau og örva, m.a. með því að lesa fyrir þau bækur sem þau þurfa að hafa fyrir að skilja, bækur sem þau þurfa að hugsa um og síðast en ekki síst bækur sem hvetja þau til myndsköpunar. Af nógu er að taka og 200 ára ártíð Hans Christians Andersens, þess mikla ævintýrahöfundar, minnir okkur einmitt á þann sagnasjóð sem við eigum. Sögurnar eru til í ýmsum útgáfum, vel þýddar og dásamlega skemmtilegar. En sjálfsagt þarf að hjálpa börnum í dag við að skilja þessar sögur, útskýra og leiða þau áfram. 14 til 15 ára börn halda því sum hver fram að þau hafi aldrei lesið bók. Fyrir þau er það að lesa heila bók óyfirtíganlegt verkefni. Eðlilega, hafi þau ekki vanist sögum frá unga aldri. En ef við kennum börnum okkar að hlusta á sögur og síðar að lesa þær sjálf, þá ánetjast þau flest þessum heillandi heimi. Sumir eiga alla ævi erfitt með lestur vegna meðfædds ágalla af einhverju tagi. Fyrir þá, og aðra líka, eru til frábærar hljóðbækur, sem er skemmtilegt að hlusta á. Þeim, sem ekki hafa vanist á bóklestur eða hlustun, er vorkunn. Þau fara mikils á mis. Á leikskólum og í grunnskólum landsins eru börnum sagðar sögur og lesið fyrir þau úr bókum. Það virðist hins vegar ekki duga til í öllum tilfellum. Heimilin þurfa líka að leggja sitt af mörkum og fátt er reyndar notaðlega en að eiga litla sögustund með barni sínu í lok erilsams dags. ■

HRAFNAÞING
Alla virka daga kl. 13.

Talstöðin
FM 90,9

Foreldrar varnarlausir

Ofbeldi allsstaðar

Eigum við engrar undankomu auðið?

LESTU GREININA Á VISIR.IS OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

VÍSIR

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigrún M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík **ADAL-SÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLSLA: Isafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Sólarupprás Hádegi Sólarlag
 REYKJAVÍK 6.27 13.30 20.35
 AKUREYRI 8.05 13.24 18.44
 Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er miðvikudagur 6. apríl,
 96. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Ég er sko ekkert
 vitlaus. Það er
 ekki mér að
 kenna að þú
 skilur ekki neitt!



Smáauglýsingar
 á 995 kr.
 visir.is

Smáauglýsingar
 byrja í dag á bls. 5

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

Þú getur pantað
 smáauglýsingar á
 www.visir.is



allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR ATVINNA BÖRN BRÚDKAUP FJÁRMÁL TILBOÐ o.fl.

börn o.fl.

Netið tekur við af bókum

BLS. 4



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Sindri litli Gunnarsson lætur fara vel um sig í lystikerrunni meðan móðir hans Ingunn Dögg Sindradóttir hjólar sér til heilsubótar.

Sefur vært eða virðir fyrir sér útsýnið

Lystikerrum aftan í reiðhjólum bregður æ oftar fyrir á hjólastígum og strætum. Þar sitja börn og sofa vært eða virða fyrir sér útsýnið meðan foreldrarir eða aðrir fullorðnir stíga petalana.

Sindri Gunnarsson nýtur þeirra þæginda að ferðast af og til í reiðhjólakerru. Foreldrar hans, Ingunn Dögg Sindradóttir og Gunnar Svanberg Skúlason, festu kaup á farartækinu undir lok síðasta sumars og eru ánægð með það. „Við sáum svona vagna víða í verslunum og fannst þeir svo sniðugir að við ákváðum að fá okkur einn fyrir frumburðinn,“ segir Ingunn Dögg.

Hún tekur þó fram að belti séu fyrir tvö

börn og vagninn eigi að bera 50 kíló. Það er því rúmt um Sindra litla sem nú er að verða árgamall. Ingunn segir vagninn einkum hafa verið notaðan um helgar hingað til. „Þá förum við oft í hjólatúra öll saman þegar gott er veður, í fjölskyldu- og húsdýragarðinn eða í heimsóknir til vina og ættingja,“ segir hún en kveðst ekki hafa reynt vagninn í roki enda lítið gaman að hjóla þegar þannig viðrar.

Að sögn Ingunnar Daggar er vagninn lagður saman þannig að sáralítið fer fyrir honum þegar hann er ekki í notkun og auðvelt er að breyta honum í venjulega barnakerru þegar gengið er um göturnar. „Það getur verið gott ef maður hjólar kannski í miðbæinn, leggur hjólinu og labbar svo um göturnar,“ bendir hún á að lokum. ■

LIGGUR Í LOFTINU í námi

Myndlistarmaðurinn Karín Sander heldur fyrirlestur um eigin verk í Listaháskóla Íslands næstkomandi föstudag, 8. apríl. Karín hefur heimsótt Ísland reglubundið síðustu árin og er gestakennari við LHÍ. Hún er margverðlaunuð og sýndi m.a. verk sín í hinu virta Guggenheim-safni í New York í fyrra. Fyrirlesturinn hefst kl. 12.30.

Íslendingum stafrófl“. Fyrirlesturinn hefst kl. 20.

Trú og áföll eru meginefni námskeiðs sem verður haldið á vegum Leikmannaskóla kirkjunnar og hefst á annað kvöld, fimmtudaginn 7. apríl. Leiðbeinandi er Vigfús Bjarni Aðalsteinsson, guðfræðingur og sérfræðingur í sál-gæslu á geðsviði Landspítalans.



Fjallað verður um áföll og kreppur sem verða í lífi okkar vegna utanaðkomandi atburða, svo sem andláts ástvinar, lífshættu og veikinda. Kennit verður í Grensáskirkju þriðji fimmtudagskvöld. Nánari upplýsingar og skráning fer fram á vefnum www.kirkjan.is/leikmannaskoli eða í síma 535 1500.

nam@rettabladid.is

Stafsetning – handa hverjum? Fyrsti málfraeðingurinn og fær-eysk stafsetning nefnist fyrirlestur sem Höskuldur Þránísson prófessor heldur í húsi Sögufé-lagsins við Fischersund í kvöld. Í þessu spjalli verða fyrst rifjuð upp nokkur atriði úr Fyrstu málfraeðiritgerðinni og skoðað hvers konar rök Fyrsti málfraeðingurinn notaði þegar hann var að „setja

Rýmum til fyrir garðhúsgögnum og bjóðum því í nokkra daga...

20% afsl.

af leðursófasettum



Verðdæmi: Chesterfield

3ja sæta sófi Verð nú kr. 91.500.-
 2 sæta sófi Verð nú kr. 75.000.-
 Stóll Verð nú kr. 59.000.-
 Hábakstóll Verð nú kr. 51.500.-
 Skemill Verð nú kr. 11.000.-



Verðdæmi: Leðursófasett 3+1+1

Verð nú kr. 198.000.-



Verðdæmi: Leðursófasett 3+1+1

Verð nú kr. 198.000.-



Verðdæmi: Hvíldarstóll

með slitsterku áklæði sem auðvelt er að þrifa
 Verð nú kr. 34.900.-

Valhúsgögn

Opið virka daga 10-18
 Laugard. 11-16

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
 Sími 581-2275 ■ 568-5375

Nám er skemmtun

Ekki gleyma þér í skyldunum varðandi námið og próflestur. Mundu að nám er skemmtun og njóttu þess. Ef námsleiði sækir að þér skaltu draga fram allt efnið sem þér þykir skemmtilegt og lesa það til að koma þér aftur í stuð.



Glernaugnaverslunin Sjónarhóll



Líklega hlýlegasta
og ódýrasta
glernaugnaverslun
norðan Alpafjalla

Reykjavíkurvegur 22, Hafnarfirði 565-5970
www.sjonarholl.is

Frumkvöðull að lækun glernaugaverðs á Íslandi

ato

BÓKHALDSPJÓNUSTA · RÁÐGJÖF

ATO · BókhalDSPjónusta hefur það að markmiði að veita viðskiptavinum sínum stórum og smáum áreiðanlega, trausta og örugga þjónustu og koma til móts við þarfir þeirra og óskir. Á vegum ATO · BókhalDSPjónustu starfar vel menntað og kraftmikið fagfólk með mikla þekkingu og reynslu.

Tökum að okkur verkefni varðandi:

- BókhalDS- og/eða launavinnslu fyrir fyrirtæki/sveitarfélög/ félagasamtök af öllum stærðum og gerðum.
- Fjármál
- Uppgjör
- Skattframtöl
- Endurskoðun o.fl.

Hamraborg 1-3
200 Kópavogi
Gsm: 894 8404

www.ato.is · netfang: ato@ato.is · sími: 565 9404



Tungumálanám
fyrir alla!
-konur og karla

Til þess að ná góðum tökum á tungumáli er nauðsynlegt að dveljast í því landi þar sem tungumálið er talað. Stúdentafærðir eru í samstarfi við málaskóla um allan heim og bjóða þeir nám jafnt fyrir byrjendur sem lengra komna.

Málaskólar eru fyrir fólk á öllum aldri. Sérstök námskeið í boði fyrir 13 - 16 ára.



Færð þú MasterCard
Ferðaávisun?



STÚDENTAFERÐIR
exit.is

Bankastræti 10 + Sími 562 23 62 + info@exit.is + www.exit.is

fjármál o.fl.

- ✓ Smáauglýsingasíminn er 550 5000
- ✓ auglysingar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ



Skjöldur Vatnar verkefnisstjóri útlistar námið fyrir blaðamanni og kveðst vera rosalega heppinn að fá að vera innan um unga fólk. „Það heldur huga mínum opnum,“ segir hann. Bak við Skjöld er Marteinn Reynisson að smíða ruggustól.

Mælt og borað, heflað og límt

Við hugsum ekki alltaf um það þegar við hlössum okkur niður í sófann eða rifum upp hurðirnar á skápnum hversu mörg handtök voru lögð í að búa þessi húsgögn til og önnur sem við höfum í kringum okkur. Þessu fá nemendur í húsgagnsmiði að kynna. Við litum inn á verkstæði Iðnskólans í Reykjavík.

Unaðsleg trélykt mætir vitum þegar komið er inn í húsgagnasmíðadeildina. Þar er mælt og borað, heflað og límt, allt undir stjórn Skjaldar Vatnar verkefnisstjóra. Kvenkynið hefur yfirhöndina í deildinni því af fimm nemendum er aðeins einn strákur. Öll eru samferða í náminu, eiga eina önn eftir þegar þessi er búin. „Þetta eru 100 einingar í skóla og 72 vikur hjá meistara,“ útskýrir Skjöldur.

Sesselja Jónsdóttir er að smíða grind að stórum tungusófa með skemli. Hún stefnir á frekara nám erlendis og þá í hönnun. „Þetta er bara stökkpallur,“ segir hún. „Ég vildi kunna að meðhöndla efni og kynna vinnuferlinu í kringum smíðina áður en lengra væri haldið.“

Skjöldur segir engum vandkvæðum bundið fyrir þá nemendur sem vilja halda áfram í hús-



Karítas Sigurbjörg Björnsdóttir og Sandra Dögg Jónsdóttir. Karítas er að smíða borðstofustól.

gagnasmíðinni að komast að hjá meisturum þegar þessum áföngum lýkur og hann segir sviðið vítt sem við taki.



Hulda Björt Magnúsdóttir heflar utan af lista sem á að fara í fataskáp sem hún er langt komin með.



HEILSUSETUR ÞÓRGUNNU

Nám í svæða- og viðbragðsmeðferð í Svæðameðferðarskóla Þórgunnu

- Bóklegt og verklegt svæðanudd fóta og handa.
- Heimspekilögsmál kínverskrar læknislistar.
- Orkurásir líkamans og mikilvægir punktar þeirra.
- Sjálfsmútt, vöðvatest o.fl. ásamt fyrirlesturum ýmissa fagaðila.

Kennsla 1 kvöld í viku frá 17-21. 6 nemendur í hóp. Námið spannar yfir 19 mánuði. Frí í júlí og ágúst. Spennandi nám sem nýtist vel víða í veröldinni. Viðurkennt af Svæðameðferðarfélagi Íslands.

Kennari Þórgunna Þórarinsdóttir
Ath! Einnig boðið upp á styttri námskeið.
Uppl. og skráning í síma 552 1850 / 896 9653

Heilsusetur Þórgunnu - Egilsgötu 30 - www.heilsusetur.is

Námsaðstoð

í stærðfræði og raungreinum fyrir grunn- og framhaldsskólanema.

Stærðfræði- og tölvukennslan
Brautarholti 4, 105 Rvk
Sími 5513122

birta

» BETRI
SJÓNVARPSDAGSKRÁ
Á MIÐVIKUDÖGUM

Verslingar mælskastir

Versló sigraði í ræðukeppni framhaldsskólanna þriðja árið í röð og verslingurinn Björn Bragi Arnarson hreppti titilinn ræðumaður Íslands annað árið í röð.

Úrslitakeppnin í ræðumennsku Morfís var háð í Háskólabíói og var hún æsispennandi þar sem Fjölbautaskólinn í Breiðholti veitti Verslunarskólanum harða keppni. Umræðuefni kvöldsins var þróunaraðstoð og mælti lið FB með en lið Versló á móti. Munurinn á liðunum var aðeins

22 stig, Versló var með 1382 stig en FB 1360. Björn Bragi Arnarson var valinn ræðumaður kvöldsins og munaði aðeins einu stigi á honum og næsta manni, Gunnari Jónssyni úr liði FB-inga.

Björn Bragi er á lokaönn í Verslunarskólanum og er á alþjóðabraut. Eflaust eigum við eftir að heyra meira í honum í framtíðinni.

Björn Bragi varði titil sinn „ræðumaður Íslands“ frá því í fyrra.



FRETTAABÍÐI/GVA

ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
 Talstöðin færir þér fréttir oftár á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

Talstöðin
 FM 90,9

Enskuskóli Erlu Ara auglýsir
Enskunám í Hafnarfirði – 5 vikur
 • Áhersla á tal - 10 getustig
Enskunám í Englandi
 • Einstaklingar allan ársins hring - Hópfærðir í júní og ágúst
Enska og golf - Vikuferð í september
 Skráning í síma 8917576 og erlaara@simnet.is Sjá nánar um starfsemi skólans á enskaforiralla.is

Enskuskóli Erlu Ara sérhæfir sig í að bjóða upp á enskukennslu fyrir fullorðna og býður einnig upp á framúrskarandi skóla í Englandi. Árlega skrá sig um 500 manns í enskunám í skólanum og skólinn sendir rúmlega 100 einstaklinga í nám til Englandis.

Líkamsrækt

Taktu þér tak!
Ertu á aldursbilinu 16 til 20?
Viltu ná kjörþyngd?

TÆKI OG TÍMAR
 Við erum að hefja námskeið fyrir þig sem felur í sér:
 • líkamsrækt við skemmtilega tónlist
 • leiðbeiningar um mataræði
 • fundi, aðhald, vigtun og mælingar
 • ráðgjöf frá stílista um tísku og förðun

KVÖLDTÍMAR
 Um er að ræða 8 vikna námskeið, 3x90 mín. í viku.
 Mæting kl. 20:15

Við búum yfir traustri þekkingu og reynslu, hjá okkur ríkir notalegt andrúmsloft og við gætum fyllsta trúnaðar.

Vertu velkomin í okkar hóp!

Innritun hafin

DANSRÆKT JSB
 leggur línurnar

www.jsb.is

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732

ROPE YOGA WORKOUT

Vordagskrá...
Guðni Gunnarsson

ROPE YOGA - HELGARNÁMSKEIÐ

Frá blóti til blessunar.
 Rope Yoga Helgarnámskeið verður haldið daganna

Rope Yoga hug og heilsurækt er öflugt lífstílskerfi sem hefst með vitundarvakningu sem leiðir til þakkláts hugarástands og almennrar velmegunar. Á þessu námskeiði kennum við ítarlega líkams og heilsuræktar kerfi Rope Yoga ásamt 7 skrefa hugmyndafræði. Leiðbeinandi er Guðni Gunnarsson. Námskeiðið er öllum opið og kostar kr. 24.900-

ROPE YOGA - FYRIRLESTUR

Frá Skort-dýri til Skapara.
 Þann verður haldinn Rope Yoga fyrirlestur í Norræna Húsinu kl 19:30-21:30.

Fyrirlesturinn fjallar ítarlega um 7 skrefa hugmyndafræði Rope Yoga og hvernig við getum valið að vakna til ábyrgðar, valið ásetning og tilgang í lífi okkar, sýnt hollustu og trúfestu, síðan leyft okkur framgang vegna verðugleika, aukið innsæi okkar, kærleik og þakklæti. Fyrirlesari er Guðni Gunnarsson. Athugið að fyrirlesturinn er öllum opin og er aðgangseyrir kr. 2000. -

ROPE YOGA - KENNARANÁMSKEIÐ

Rope Yoga Kennaranámskeið verður haldið daganna

Síðari hluti námskeiðsins verður dagana 9-11 september 2005. Nánari upplýsingar á www.ropeyoga.is

Allar nánari upplýsingar fást í líteysti, Skeifunni 19 í síma 568-1717

www.ropeyoga.is

allt

börn o.fl.

Talað við börnin

Rannsóknir sýna að fátt örvar börn meira en þegar talað er við þau. Spjallaðu við þau, segðu þeim sögur eða leyfðu þeim að tala við þig. Ungbörn hafa líka gott af tali og ekki hafa nokkrar áhyggjur af því hvort þau skilji þig eða ekki.



DU PAREIL...au même
Laugavegi og Kringlunni

Bylgjan 98.9
Ivar Guðmunds
Alla virka daga kl. 9-12



Það er orðið lítið um að krakkar hreiðri um sig í sófanum með hrúgu af bókum. Enn er það þó til.



Skrjáfandi giraffi

Í LEIKFANGAVERSLUNUM MÁ FÁ TUSKUDÝR OG BANGSA SEM ERU SÉRHÖNNUÐ TIL AÐ ÖRVA SNERTIÞROSKA UNGBARNA.

Í Liverpool á Laugaveginum rákumst við á þennan fallega giraffa fyrir ungbörn. „Þetta eru bangsar sem er mælt með fyrir lítil börn, því þeir eru mjúkir og þægilegir viðkomu,” segir Margrét Pálsdóttir, eigandi verslunarinnar. „Það er hægt að skola úr þeim í vaski en ekki er ráðlegt að setja þá í þvottavél.“ Í sumum böngsum eru baunir sem gefa öðruvísi áferð og svo skráfar í öðrum en bæði mismunandi áferð og hljóð örvar snertiskyn barnanna. Bangsarnir eru úr The Baby Collection frá Simba Toys og eru framleiddir í Þýskalandi.




Útívinandi mæður ekki verri

BÖRN ÚTÍVINNANDI MÆÐRA STANDA JAFNFETIS BÖRNUM HEIMAVINNANDI MÆÐRA.

Rannsókn, sem nýverið var unnin í Bandaríkjunum, leiddi í ljós að tíminn sem mæður eyða með börnum sínum hefur lítið að segja um þroska þeirra, heldur virðast heimilisaðstæður og gæði sambandsins sem börnin áttu við móður sína skipta meira máli. Þannig skiptir það miklu hvað móðirin gerir með börnunum þegar hún er hjá þeim. Börnin sem virtust standa sig best í rannsókninni og sýndu mestan þroska komu frá heimilum þar sem umhverfið var örvandi og mæðurnar voru duglegar að sinna þeim, tala við þau og fara með þau út að leika. Einnig virtist það hafa mikil áhrif á þroska barnanna ef mæðurnar voru næmar á þarfir þeirra.

Full búð af flottum vörum ENGLABÖRNUM
Laugavegi 51 • s: 552 2201



Við seljum eingöngu örugga og vandaða bílstóla frá þekktum framleiðendum sbr. Römer, Maxi-Cosi, Concord & Graco.

BabySam

Skeifan 8 - s. 568 2200
Smáralind - s. 534 2200
www.babysam.is

Bóklestur á undan- haldi – netið tekur við

Verulega hefur dregið úr bók- og blaðalestri íslenskra barna á síðustu 35 árum. Þetta sanna nýlegar tölur í langtíma- rannsókn Þorbjörns Broddasonar prófessors um fjölmiðla- notkun barna og unglunga.

„Hefðbundinn bóklestur og hefð- bundinn blaðalestur er á mjög hröðu undanhaldi hjá börnum og unglungum,” segir Þorbjörn. Þrátt fyrir þær niðurstöður telur hann margt benda til að íslensk ung- menni lesi mjög mikið og skrifi meira en nokkru sinni fyrr. Þá er hann að vísa í netið. „Þau lesa á netinu og skrifa á netið og þau eru sífellt að afla sér upplýsinga með auðveldari og öflugri hætti en áður,” segir prófessorinn.

Þorbjörn hóf rannsókn sína árið 1968 en síðustu tölur úr henni eru frá árinu 2003. Í kringum 800 börn á aldrinum 10-15 ára, til heimilis í Reykjavík, á Akureyri og í Vestmannaeyjum voru spurð spurninga um notkun sína á hinum ýmsu miðlum. Könnunin var gerð á skólatíma, eða frá mars fram í maí og námsbækur töldust ekki með.

Spurningunni „Hefurðu lesið bók síðustu 30 daga?“ svöruðu 41% drengja neitandi og 24% stúlkna. Samtals 33% íslenskra barna höfðu enga bók lesið sér til skemmtunar á vorkvöldum 2003. Árið 1968 var niðurstaðan sú að 11% barna höfðu ekkert lesið.

Spurningunni „Hefurðu lesið 1-9 bækur síðustu 30 daga,“ svöruðu 56% drengja játandi í síðustu könnun og 72% stúlkna eða samtals 64%. Aðeins 3% drengja og 4% stúlkna lásu meira en 9 bækur.

Þorbjörn kannaði líka daglega internetnotkun barnanna og þar kom fram að um helmingur þeirra notaði netið daglega, 60% stráka og um 40% stelpna. Sjónvarpið er líka miðill sem unga fólkið notar mikið. 40% þeirra barna sem spurð voru höfðu sjónvarp í eigin herbergi og horfðu því oftast ein. Gefum Þorbirni að síðustu orðið: „Sjónvarpsnotkun hefur aukist en heldur ekki áfram að aukast í sama mæli og á tímabili.“

gun@frettabladid.is



Þorbjörn Broddason prófessor segir að sjónvarpsnotkun barna hafi aukist og um 40% barna eru með sjónvarp í herbergi sínu.

HREYFI LAND

EINSTÖK LEIKFIMI FYRIR 4-5 ÁRA

mikilvægar æfingar fyrir bak, fætur, jafnvægi og samhæfingu – laugardagar kl.13

Nánari upplýsingar og skráning www.hreyfiland.is sími: 577 2555 frá kl. 9-13 mottaka@hreyfiland.is

Námskeið hefjast 6.apríl

cakewalk

Full búð af glæsilegum sumarfatnaði á stráka og stelpur, allt frá 68 -164.

Glæsilegur sumarfatnaður á börnin!

Opnunartími:
Þriðjudaga til fimmtudaga 16:00 – 18:00
Laugardaga 12:00 – 16:00

Erum einnig með eldri fatnað á mjög góðum afslætti - aðeins 3 verð í gangi.

Verslunin er staðsett á Strandgötu 29 í Hafnarfirði.

Allt fyrir skírnina

Saumagallerí JBJ

Skólagerði 5, Kópavogi
s.554 2718 opið 12-18

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGA-
SÍMINN ER OPINN
ALLA DAGA KL. 8-22

TIL BIRTINGAR NÆSTA
DAG ÞARF AÐ PANTA
FYRIR KL. 15

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER
OPIN ALLA VIRKA
DAGA KL. 8-19

AFGREIÐSLAN ER
OPIN UM HELGAR
KL. 9-17



BMW X3. Nýskr. 06/2004, 3000cc, 4ra dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 13 þ. Verð 5.850.000. YM-193. B & L. S. 575 1230.



Hyundai Pony. Nýskr. 03/1994, 1500cc, 4ra dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 133 þ. Verð 190.000. YA-476. B & L. S. 575 1230.



Renault Megane. Nýskr. 06/2000, 1600cc, 4ra dyra, 5 gíra, hvítur, ekinn 120 þ. Verð 930.000. VX-943. B & L. S. 575 1230.



Toyota Corolla. Nýskr. 02/1998, 1300cc, 4 dyra, 5 gíra, Rauður, Ekinn 119 þ. Verð: 590.000. LS-146. B & L. S. 575 1230.



Ford Escape 11/01, ek 62 þús, 4x4, ssk, lítað gler, krókur. Verð 2.190þús. Uppl í s 896 9616.



Chevrolet Suburban 5.3l '02, ek. 24 þús. Ssk, leður, toppl. DVD, rafm. í öllu. Ás. verð 4.690 þús. Uppl. í síma 660 3866.



BMW X5. Nýskr. 06/2003, 2900cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 52 þ. Verð 5.930.000. OB-742. B & L. S. 575 1230.



Hyundai Starex. Nýskr. 06/2002, 2400cc, 3ja dyra, 5 gíra, grænn / grár, ekinn 77 þ. Verð 2.090.000. OD-224. B & L. S. 575 1230.



Renault Megane. Nýskr. 01/2003, 1600cc, 5 dyra, 5 gíra, rauður, ekinn 30 þ. Verð 1.530.000. PM-811. B & L. S. 575 1230.



Toyota Yaris. Nýskr. 06/2000, 1000cc, 3ja dyra, 5 gíra, grár, ekinn 80 þ. Verð 750.000. TI-246. B & L. S. 575 1230.

12 Volt
Malarhöfða 2, 110 Reykjavík
Sími: 565 2500



Dodge SXT 2.0l '04, ek. 16 þús., ssk, toppl., 6 d., magasin, filmur, krómfelgur ofl. Ás. verð 1.690 þús. Uppl. í síma 660 3866.



Ford Escort. Nýskr. 05/1998, 1600cc, 5 dyra, 5 gíra, grænn, ekinn 145 þ. Verð 370.000. OF-665. B & L. S. 575 1230.



Mercedes ML 400. Nýskr. 03/2002, 4000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, svartur, ekinn 62 þ. Verð 5.690.000. IU-405. B & L. S. 575 1230.



Renault Megane. Nýskr. 06/1998, 1600cc, 5 dyra, sjálfskiptur, svartur, ekinn 115 þ. Verð 730.000. DY-655. B & L. S. 575 1230.



Toyota Yaris. Nýskr. 04/1999, 1000cc, 3ja dyra, 5 gíra, hvítur, ekinn 70 þ. Verð 630.000. DB-113. B & L. S. 575 1230.



GS Umboðið
Brekkustíg 38, 260 Njarðvík
Sími: 421 8808



Range Rover 4.0lSE '00, ek. 115 þús. ssk, leður, toppl. Harman Kardon, rafm. í öllu. Ás. verð 2.790 þús. Uppl. í síma 660 3866.



Honda HR-V. Nýskr. 01/2003, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, brúnn, ekinn 37 þ. Verð 1.780.000. UT-893. B & L. S. 575 1230.



Mitsubishi Lancer. Nýskr. 04/1997, 1300cc, 4ra dyra, 5 gíra, grænn, ekinn 117 þ. Verð 520.000. PH-223. B & L. S. 575 1230.



Renault Megane. Nýskr. 03/2003, 1600cc, 5 dyra, 5 gíra, ljósgrár, ekinn 40 þ. Verð 1.580.000. DL-126. B & L. S. 575 1230.



Volkswagen Golf. Nýskr. 08/1998, 1600cc, 3 dyra, 5 gíra, rauður, Ekinn 105 þ. Verð: 780.000. MD-719. B & L. S. 575 1230.



M.Benz 420 '88, ek. 270 þús.km Sjálfs. Litur vel út. ABS, álf. Toppluga smur og þjónustubók, rafmagn í rúðum og spegillum 225hö V:480þ.Til sölu og sýnis hjá Bílalíf Kletthálsi 11 110 Rvk Sjá fl. myndir á www.bilalif.is

Bílalíf
Kletthálsi 11, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
www.bilalif.is



Grand Cherokee Ltd. 4.7l '02 ek. 115 þús., ssk, leður, toppl. rafm. í öllu. Ás. verð 2.890 þús. Uppl. í síma 660 3866.



Hyundai Accent. Nýskr. 07/1999, 1500cc, 3ja dyra, sjálfskiptur, dökkblár, ekinn 75 þ. Verð 590.000. VR-416. B & L. S. 575 1230.



Nissan Almera. Nýskr. 12/2001, 1800cc, 5 dyra, 5 gíra, grár, ekinn 52 þ. Verð 1.150.000. NH-119. B & L. S. 575 1230.



Subaru Impreza WRX. Nýskr. 12/2002, 2000cc, 4ra dyra, 5 gíra, grænn, ekinn 26 þ. Verð 2.370.000. OZ-432. B & L. S. 575 1230.



Volkswagen Golf. Nýskr. 07/1998, 1600cc, 5 dyra, sjálfskiptur, Grár, Ekinn 110 þ. Verð: 890.000. TH-560. B & L. S. 575 1230.

Bíla Land, B & L
Grjóthálsi 1, 110 Rvk.
Sími: 575 1230
www.bilaland.is



Nýr '05 Renault Master millilangur, Háþekju, 2500 turbo dísil, 115 hö. Lista-verð án vsk: 2.600 þús. Okkar verð: 1.905 þús. Þú sparar um 700 þús.

Sparibill ehf
Skulagötu 17, 101 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is



Land Rover Freelander 1.8., nýskr. 09/02., ek. 38 þ. km., bsk., Blár, álfelgur, toppluga., ný heilsársdekk o.fl. Verð 1.600.000. Heimsbílar eru staðsettir á nýja stóra bílasölusvæðinu við Kletthálsi 11.

Heimsbílar
Kletthálsi 11a, 110 Reykjavík
Sími: 567 4000
www.heimsbilar.is



BMW 730i '95 ek. 84 þús., ssk. leður, toppl. ofl. Ás. verð 1.690 þús. Uppl. í síma 660 3866.

Kyrre ehf
Smíðsbúð 9
Sími: 660 3866

Bílar til sölu



Polaris Sportsman 500 4x4 árg. '02,03 Polaris Sportsman 700 4x4 árg. 02 Polaris Sportsman Diesel 4x4 árg. 99 Yamaha Grizzly 660 4x4 árg. Nýtt Yamaha Kodiak 4x4 400 árg. 01 Yamaha Bruin 350 4x4 árg. Nýtt Yamaha Kodiak 400 4x4 árg. Nýtt Honda TRX 300 4x4 árg. 96 Kawasaki KVF 300 4x4 árg. 00 Góð Hjóla á góðu verði með VSK Plus Gallery ehf s. 898 2811.

Bílar til sölu



Landcruiser 100 '98, V8, V. 3.350 þús. Stgr. 2.950 þús. Musso '97 E32 33", 100% læstur, ek. 89 þús. V. 1.490 þús. stgr. 1.190 þús. Pajero '91, V6, 7 manna. V. 380 þús. stgr. 250 þús. S. 895 9505.



Toyota Avensis Wagon árg 2003 diesel, ek. 96.000 km. Bill í mjög góðu standi, þjónustubók o.fl. Verð kr. 1.790.000. Uppl. í s. 821 6115 & 566 7893.



0-250 þús.

Mazda 323 árg. '90, nýsk. toppbill. Verð 140 þús. Uppl. í s. 555 4527 og 894 3951.

MMC L300, árg. '91, nýskoðaður '06 og góður bill. Verð 170 þús Sími. 867 2889.



Clio '95, ekinn 99 þ. km, ssk., fjst. saml. 5 dyra, ný tímareim, 1 eigandi, mjög vel með farin bill. V. 250 þ. S. 844 4220.

UNIMOG 3 stk. 1955 ógangfærir. Má gera 1 til 2 góða. Uppl. Rutep2@hotmail.com

Nissan Sunny 4x4 árg. '93, sumar og vetrardekk á álfelgum. V. 170 þús. Uppl. í s. 843 0350 Ransý.

Toyota Carina 1990. Ekinn aðeins 133 þ. Ásett 180 þ., selst á 120 þ. stgr. v/dempara og vatnskassa. Lúðvík s. 860 3016.

Bronco II '88, 33" dekk, nýtt þústkerfi ofl. Verð 170 þús. Uppl. í síma 820 2492.

MMC L300 árg. '90, 8 manna, 4x4, óskoðaður. Verð 40 þús. S. 893 1527 Gíslí.

BMW 318i '95, ek. 97 þ. Topp bill, einn eigandi. Verð 570 þ. S. 824 5932.

Glæsileg Toyota Camry '88, sk. '05. Í topp standi. V. 35 þús. S. 659 0276.

Til sölu MMC Lancer '92, ssk., ekinn 163 þús. Verð 140 þús. S. 898 7145.

Til sölu Toyota Corolla '91, sk'06, ek. 133 þús. Verð 75 þús. S. 847 0408.

Til sölu Lancer árg. '92, sjálfskiptur, nýskoðaður í góðu lagi. Verð 140 þús. Uppl. í síma 896 6171.

Tilboð Accord '91, góð sumar og vetrardekk. Verð 80.000. Sími 865 9119.

2 góðir Nissan Sunny árg. '91, 1.6l, 5 dyra, 5 gíra. Verð 125 þús. Volvo 440 árg. '92, ek. 108 þús. ssk, sk. '06. Verð 155 þús. Sími 868 8565.

Ódýr en góður bill.

Til sölu Lancer GLX árg. '90. Mikíð nýtt s.s. tímareim, demparar, gormar og öxulhosur, kveikikerfi og fl. Rafmagn í öllu, toppluga. Verð 120 þús. Uppl. í s. 894 1230.

